



**Kíktu í BT**  
**BT**  
 Pollgata 4 • sími 550-4444 • bt.is

Nýtt og öflugt  
**verkfæri**  
 til íbúðakaupa **Íbúðalán.is**  
 www.ibudalan.is

- Greiðslumat á netinu
- Lánsúmsókn á netinu

**Afgreiðsla**  
 Landsbankans  
 í Neista er opin  
 fimmtudaga og  
 föstudaga  
 frá kl. 16-18  
 Sími 410 8119

**Landsbankinn**  
 Sími 410 4156  
 Fax 410 3018

**Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár**  
**BÆJARINS BESTA**  
 Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Miðvikudagur 2. mars 2005 • 9. tbl. • 22. árg.

**Uppbygging aðstöðu fyrir olíubirgðastöð við Mávagarð á Ísafirði**

# Kostnaður áætlaður um 100 milljónir

Siglingastofnun hefur átt að að kostnaður við gerð aðstöðu fyrir olíubirgðastöð við Mávagarð í Sundahöfn á Ísafirði muni kosta um 100 milljónir króna en hafnarstjórn óskaði eftir mati á slíkum kostnaði að beiðni bæjarstjóra. Beiðnin um kostnaðaráætlunina felur ekki í sér afstöðu hafnarstjórnar að sögn hafnarstjóra. Fyrir nokkru lagði Ólöf G. Valdimarsdóttir arkitekt fram greinargerð um þá kosti sem til greina koma í vali á framtíðarstað fyrir nýja olíubirgðastöð á Ísafirði. Meðal þeirra kosta er að olíubirgðastöðinni verði komið fyrir á Mávagarðinum við Sundahöfn.

stuttu var umrædd greinargerð Ólafar lögð fram. Einnig lá fyrir fundinum teikning af umhverfi Mávagarðs unnin af Tækniþjónustu Vestfjarða, sem er útfærsla af einni tillögu Ólafar. Á fundinum var samþykkt að fela hafnarstjóra að leita eftir kostnaðaráætlun hjá Siglingastofnun varðandi útfærslu á tillögu Ólafar um Mávagarðinn.

Guðmundur M. Kristjánsson hafnarstjóri segir að í samþykkt hafnarstjórnar sú engin viljayfirlýsing um að þessi tiltekni staður komi frekar til greina en aðrir er í greinargerð Ólafar voru nefndir. Hann segir að óformleg beiðni hafi komið frá bæjarstjóra um að



**Olíubirgðastöðin við Suðurgötu.**

þessi kostnaðaráætlun yrði unnin og við þeirri beiðni hafi verið orðið. Guðmundur segir

að samkvæmt lauslegri kostnaðaráætlun Siglingastofnunar muni kostnaður við gerð lands

fyrir olíubirgðastöðina á þessum stað vera um 100 milljónir króna. — *hj@bb.is*

**Hugmyndir Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur, sýslumanns á Ísafirði**

# Sameiginleg almannavarnar-nefnd í Súðavík og Ísafjarðarbæ?

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að samþykkt verði stofnun sameiginlegrar almannavarnarnefndar fyrir Ísafjarðarbæ og Súðavíkurhrepp. Hugmyndin hefur einnig hlotið jákvæðar undirtektir í Súðavík en á eftir að hljóta endanlega afgreiðslu. Í bréfi sem Sigríður Björk Guðjónsdóttir, sýslumaður skrifaði bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar kemur fram að á undanförunum árum hafi margoft verið rætt í almannavarnarnefndum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps, að æskilegt væri að sameina nefndirnar eins og gerst hefur víða annars staðar



á landinu.

Hefur það verið stefna Ríkislögreglustjóra að ekki verði fleiri en ein almannavarnarnefnd í hverju lögreglumdæmi. Þá kemur fram í bréfi sýslumanns að í ljós hafi komið í janúar að þörf væri á að

styrkja skipulag almannavarna í byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar með því að koma upp föstum vettvangsstjórnunum á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri. Jafnframt telur sýslumaður nauðsynlegt að fram fari úttekt á tiltækum búnaði á

hverjum stað og að samstarf viðbragðsaðila í og við þéttbýliskjarna verði aukið. Þá er lagt til að hvort sveitarfélag um sig standi straum af nauðsynlegum kostnaði vegna búnaðar. Ná þessar tillögur fram að ganga telur sýslumaður að

tilhögum almannavarnamála í héraði verði skilvirkari og auðveldari í framkvæmd.

Eins og áður sagði leggur bæjarráð Ísafjarðarbæjar til við bæjarstjórn að tillögur sýslumanns verði samþykktar. Ómar Már Jónsson sveitarstjóri í Súðavík segir það lengi hafa verið rétt að sameina almannavarnarnefndirnar og að almannavarnarnefnd Súðavíkur hafi lagt blessun sína yfir þær hugmyndir. Hann segir hreppsnefnd einnig hafa verið jákvæð fyrir hugmyndinni en formlegt samþykki hennar bíði þar til nánari útfærsla hafi verið gerð á hugmyndum sýslumanns. — *hj@bb.is*

**Samkaup** *úrval*

**OPIÐ:**  
 virka daga  
 kl. 09 - 21  
 laugard. 10-21  
 sunnud.  
 kl. 12 - 21  
*Verið velkomin!*

**Samkaup** *úrval*  
**NEISTA**  
 HAFNARSTRÆTI 9-13  
 SÍMI 456 5460

**INNANLANDS er...**

öflugasta flutningsemi á Íslandi. Við helum samráð á loftanefndingri flutnings, gómskiptu, ómálga og samþykkingu um land allt í öllum heildum flutningskerfi. Við bjóðum daglega ferðir og öflugri ómálgaþjónustu bæði fyrir fjölskyldur og fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum og erum leiðandi í flutningum á heildum og tryggtum aluðum.

**EIMSKIP**  
 INNANLANDS

Vingata 15, 101 Reykjavík Sími 525 7700 Fx 505 7900 www.eimskip.is



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

## Bæjarráð Ísafjarðarbæjar

# Niðurgreiðslum á húsaleigu kennara hætt

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að leggja það til við bæjarstjórn að samþykkt verði tillaga Halldórs Halldórssonar bæjarstjóra um að niðurgreiðslum á húsaleigu til kennara verði hætt þannig að þeim ljúki endanlega vorið 2007.

Að undanförmu hafa niðurgreiðslur á húsaleigu til kennara verið til umræðu í bæjarráði og fyrir skömmu var bæjarstjórn falið að leggja fram yfirlit yfir þann kostnað sem felast í niður-

greiðslunum í dag. Á fundi bæjarráðs var umrætt yfirlit lagt fram og kemur þar fram að kostnaður við þessar niðurgreiðslur var rúmar 319 þúsund krónur í febrúar. Í dag eru reglurnar þannig að niðurgreiðsla fer stíglækkandi og hverfa að loknum þremur árum í starfi. Samþykki bæjarstjórn tillögu bæjarstjóra njóta þeir kennarar sem réðu sig til starfa haustið 2004 niðurgreiðslna til vors 2007.

– hj@bb.is

## Vegagerðin fundaði með heimamönnum í Reykhólahreppi í síðustu viku

# Leggur ekki til þverun Þorskafjarðar að svo stöddu

Á fundi sem Vegagerðin boðaði til í Reykhólaskóla í síðustu viku kom fram að stofnunin hyggst ekki leggja til þverun Þorskafjarðar að sinni vegna lítillar arðsemi framkvæmdarinnar. Umferð á leiðinni þarf að rúmlega tvöfalda til þess að forsendur Vestfjarða vegna framkvæmda um Gufudalssveit verður væntanlega tilbúin á næstu dögum. Fyrir nokkru tilkynnti samgönguráðherra, Sturla Böðvarsson, á fundi á Patreks-

firði að hann hefði ákveðið að farin yrði svokölluð leið B í framkvæmdum á Vestfjarðarvegi. Samkvæmt þeirri leið er reiknað með þverun Djúpa-fjarðar og Gufufjarðar. Af umræðu manna að loknum fundi samgönguráðherra hefur mátt ætla að þar væri einnig átt við Þorskafjörð.

Á fundinum sem haldinn var í Reykhólaskóla og 30-40 manns sóttu, voru kynntar þær framkvæmdir sem felast í þessari leið B. Á vef Reykhólahrepps er sagt frá fundinum. Þar segir að í máli Krist-

jáns Kristjánssonar hjá Vegagerðinni á Ísafirði hafi komið fram að gert sé ráð fyrir þverun Djúpa-fjarðar og Gufufjarðar en Vegagerðin ætli hins vegar ekki að mæla með þverun Þorskafjarðar að sinni vegna lítillar arðsemi. „Umferð á þessari leið þarf þó ekki nema að rúmlega tvöfalda til að þær forsendur breytist“, segir á vefnum.

Þá segir m.a.: „Ljóst er að leið B (þverun fjarða) felur í sér talsvert meiri röskun á náttúru heldur en að endurbæta veginn yfir hálsana. En í máli

Kristján kom fram að Vegagerðin hafi, við samanburð leiðanna, miðað við að snjó-moksturskostnaður á hálsaleiðinni (leið D) væri þrefalt hærri en á láglandisleiðinni (leið B).

Virtust fundarmenn flestir styðja mjög að B-leiðin yrði farin. Samgönguráðherra hefur einnig mælt með þeirri leið við Vegagerðina og sveitarstjórnirnar þrjár í Barðastrandarsýslum styðja þá leið, auk þess sem gildandi svæðis-skipulag gerir ráð fyrir því.“

– hj@bb.is



Menntaskólinn á Ísafirði.

## Ólinu Þorvarðardóttur, skólameistara Menntaskólans á Ísafirði

# Stefnt af einum kennara skólans

Skólameistara Menntaskólans á Ísafirði hefur verið stefnt af einum kennara skólans. Frá þessu er greint í DV á mánuðag. Að því er fram kemur í blaðinu þótti skólameistara einkunnir prófa í fyrsta áfanga í ensku óeðlilega háar, fór yfir prófin upp á nýtt og breytti einkunnum nú nemenda, flestum til lækkunar. Í kjöl-

farið var kennari áfangans áminntur, en hann sinnti jafnframt embætti sviðsstjóra erlendra tungumála við skólann. Kennarinn leitaði liðsinnis Kennarasambandsins í málinu og stefndi skólameistara í kjölfarið.

Eftir að skólameistara hafði verið stefnt var kennaranum sagt upp sem sviðsstjóra. Í

blaðinu segir skólameistari andann innan skólans vera góðan. Mál þetta sé fyrir dómi, en að öðru leyti sé góður andi í skólanum og starfsmenn á fullu að vinna af miklum dugnaði að málefnum skólans og framföllum hans, honum til hagsbóta.

Blaðið hefur þó eftir nokkrum núverandi og fyrrverandi

kennurum við skólann að andrúmsloftið sé þrungið spennu og að kennarar eftist skólameistara. Þá er að lokum í frétt blaðsins rífaðar upp aðrar umdeildar aðgerðir skólameistara, til að mynda þegar á sjöunda tug nemenda var tímabundið vísað frá námi eftir óvissuferð nemendafélags skólans í haust. – halfdan@bb.is



## Ræsting

Óskum eftir áhugasömum aðila til að taka að sér ræstingu á húsnæði Póls hf., við Njarðarsund og Sindragötu á Ísafirði. Um er að ræða ræstingu á skrifstofum, fundar-sal, kaffistofu, göngum og salernum.

Verkið skal unnið í verkstöku og þarf að vinnast í vikulok á dagvinnutíma starfsmanna fyrirtækisins.

Allar nánari upplýsingar veitir Unn í Bö, rekstrarstjóri í síma 456 6405.

Umsóknarfrestur er til 11. mars 2005.



Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu

### Liju Halldórsdóttir

Hlíf 1, Ísafirði

Anna Gunnlaugsdóttir

Hákon Guðmundsson Ingigerður Traustadóttir

Katrín Guðmundsdóttir Kristján Ragnarsson

og fjölskyldur þeirra



### Anna Kjartansdóttir

frá Hrauni í Hnífsdal

sem andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði 24. febrúar sl. verður jarðsöngin frá Hnífsdalskapelli, laugardaginn 5. mars kl. 14.

Fyrir hönd aðstandenda

Hjálmar Sigurðsson Hulda Helgadóttir

## Útgerðarfyrirtækið Álfsfell ehf., í Hnífsdal

# Lýkur við smíði báts á Ísafirði

Álfsfell ehf. í Hnífsdal hefur gert samning um kaup á fiskibát úr plasti af Seiglu ehf. í Reykjavík. Báturinn verður um 10 tonn af stærð og verður smíði hans lokið á Ísafirði. Hefur útgerðin gengið frá samningi við þrjú fyrirtæki á Ísafirði um frágang bátsins. Davíð Kjartansson, útgerðarmaður segir að hann hafi lengi velt fyrir sér möguleikum iðnaðarmanna á Ísafirði í verki sem þessu.

„Ég vildi hafa auga með sem flestum þáttum í smíði bátsins og velti því fyrir mér hvort ekki væri hægt að flytja skelina vestur og klára hana hér. Eftir að hafa rætt við fyrirtæki hér um slóðir komst ég að þeirri niðurstöðu að þetta væri fær leið. Í framhaldinu var gengið frá samningum við Rafskaut ehf. um raflagnavinnu, Rafjón ehf. um niðurstöðu tækja og Vélsmiðjuna Þrim ehf. um niðurstöðu véla og annars

búnaðar.“

Davíð segist treysta iðnaðarmönnum á Ísafirði fullkomlega til þess að klára verkið og segist spenntur fyrir samstarfinu við þá. Hann segir að um 60-70% af vinnu við smíði bátsins fari því fram á Ísafirði. „Á undanförmum árum hefur fyrirtæki á Siglufirði keypt bátsskrokka og flutt þá norður til lokafrágangs þannig að iðnaðarmenn hér hljóta að geta þetta líka.“

Vonast er til að skrokkur bátsins verði kominn vestur um miðjan mars og þá geti vinna við hann hafist. „Það er síðan stefnt að því að vígja bátinn í eggjafærð í vor og vonandi tekst það“ segir Davíð. Álfsfell ehf. hefur einnig á undanförmum árum stundað tilraunir í áframeldi á þorski og verður báturinn að hluta til ætlaður í þjónustu við þá starfsemi.

– hj@bb.is

# Fyrstu loðnu vertíðarinnar landað í Víkinni

Í gær, þriðjudag, landaði Harpa VE fullfermi eða 800 tonnum af loðnu í Bolungarvík. Loðnan fór til bræðslu í

verksmiðju Gnár og er sú fyrsta sem landað er í Bolungarvík á yfirstandandi vertíð. Í gær landaði einnig Sunnuberg

NS 1.200 tonnum. Að sögn Einars Jónatanssonar, framkvæmdastjóra Gnár, veiddist loðnan á Kópnesgrunni. Er hér

um að ræða svokallaða vesturgöngu sem er kærkomin því loðnuveiðar á þessari vertíð hafa gengið frekar illa. Ekki vildi Einar spá neinu um áframhald loðnulöndunar á þessari vertíð í Bolungarvík en þó væri ljóst að Bolungarvík lægi best við veiðisvæðinu

eins og er.

Eliás Jenson fyrsti stýrimaður á Hörpu segir um töluvert stóra göngu að ræða og veiðar hafi gengið vel. Skipin séu að veiðum á mun stærra svæði en veitt var á undir það síðasta fyrir Suðurlandi. Hann segir að töluvert lengra sé í

hrygningu þessarar loðnu en þeirrar sem veiðst hafi syðra. Hún sé þó ennþá full af átu og því hafi ekki verið hægt að hefja frystingu á henni ennþá. Eliás segir þessa göngu mjög kærkoma því vertíðin hingað til hafi verið brösótt.

– *hj@bb.is*



Talið er líklegt að bakkað hafi verið á grindverkið og legsteininn sem stóð upp við það. Mynd: Baldur Smári Einarsson.

## Ekið á legstein við Hólskirkju

Ekið var á legstein og grindverk við Hólskirkju einhvern tíma á tímabilinu frá sunnudeginum 20. febrúar til mánuðagsins 28. febrúar. Frá

þessu var greint vikari.is. Legsteinninn er gamall og stóð þétt upp við girðinguna. Talið er líklegt að bakkað hafi verið á girðinguna og legstein-

inn. Þeir sem einhverjar upplýsingar geta veitt um atburðinn eru beðnir um að láta lögregluna í Bolungarvík vita. – *thelma@bb.is*



Loðnu dælt á land í Bolungarvík.

### Meistaraflokkur Boltafélags Ísafjarðar

## Örnólfur ráðinn þjálfari

Gengið hefur verið frá ráðningu Örnólfs Oddssonar sem næsta þjálfara meistaraflokks Boltafélags Ísafjarðar í knattspyrnu. Örnólfur þarf vart að kynna fyrir íþróttaunnendum. Hann er fæddur og uppallinn Ísfirðingur og lék um langt árabil með meistaraflokksliði

ÍBÍ. Hann var einn af lykilleikmönnum 1. deildarliðs þeirra árin 1982 og 1983. Hann þjálfaði einnig á árum áður á Ísafirði. Undanfarin ár hefur hann starfað við þjálfun yngri flokka á höfuðborgarsvæðinu. Kristján Pálsson formaður BÍ segir að unnið hafi verið að

ráðningu Örnólfs að undanfögnu. Kristján segir þetta afar farsælan endi á þjálfaramálum liðsins en ekki leit vel út á tímabili með ráðningu þjálfara. Aðstoðarmaður Örnólfs verður Halldór Eraklides sem þjálfað hefur yngri flokka hjá BÍ á undanfögnu árum.



## Vestfirðingar fjölmennir á þorrablóti í Skien í Noregi

Á þorranum koma Íslendingar víða um heim saman og viðhalda þeim sið að blóta. Jafnframt eru þorrablótin einskonar „zettarmót“ landans á erlendri grund. Svo er einnig um Íslendinga sem búa í Skien og nágrenni í Noregi. Þeir héldu þorrablót á dögnum og var glatt á hjalla. Það vakti athygli hversu margir Vestfirðingar voru þarna saman komnir og því tók Hálfán Hauksson Sigurðssonar nokkrar myndir og sendi vefnum. Á meðfylgjandi mynd má sjá hópinn að vestan og eru þar mörg kunnugleg andlit. Síðar má sjá fleiri myndir af þorrablótinu á svipmyndasíðu *bb.is*. – *hj@bb.is*

**ÚTSÖLJ**  
**MARKAÐUR**

**á sportfatnaði**

**Hafnarstræti 14 (áður Blómahornið)**

**Öll sundföt á kr. 2.000 settið!**

**Allur annar fatnaður og skór á hálfvirði!**

**Opnuðum í gær**

**Sjón er sögu ríkari**

# Afkastamikill gítarleikari sem sagður var vera með asnalega putta

Halldór Gunnar Pálsson er þrátt fyrir ungan aldur orðinn ótrúlega sjóaður poppari. Eflaust væri hægt að fara í löngu og ítarlegu máli yfir feril Halldórs, sem hefur spilað í um 25 hljómsveitum og leikið í hverju einasta samkomuhúsi á Vestfjörðum. Að þessu sinni verður látið nægja að stikla á stóru í hans tónlistarlífi. Halldór segir ömmu sína hafa kennt sér að spila á gítar á sínum tíma. Um svipað leyti fékk móðir hans hljóðfæri að gjöf. Þá sat Halldór löngum stundum og æfði sig, þrátt fyrir að eldri bróðir hans hafi latt hann með fullyrðingum um að Halldóri væri líkamlega ómögulegt að ná nokkurri færni.

Peir sem venja komur sínar á veitinga- og skemmtistaðinn Vagninn á Flateyri hafa tekið eftir því, að þar er varla haldið ball sem Halldór Gunnar spilar ekki á.

„Þar hafa oft verið settar saman hljómsveitir til að spila á balli og ég virðist oft vera í mörgum þeirra. Þetta gerist líka víðar en á Vagninum. Ég labbaði fram hjá Hamraborg á Ísafirði um daginn. Þar voru uppi þrjár ballauglýsingar þriggja hljómsveita og ég sá mér til undrunar að ég er í þeim öllum.

En með þessi bönd sem spila

á Vagninum, þá má segja að það er kannski 7-8 manna kjarni sem myndar nokkurn veginn jafnmargar hljómsveitir. Í þessum hópi eru tveir trommuleikarar. Ef annar þeirra er úti á sjó, þá er náð í hinn.

Þessar hljómsveitir heita sjaldnast það sama og við sjáum alltaf ástæðu til að finna ný og ný nöfn. Við höfum jafnvel dregið nafn hljómsveitarinnar upp úr hatti.

Í nokkrum tilfellum hefur staðarhaldari sjálfur ákveðið nafn á hljómsveitina. Þess vegna var ég fyrir stuttu í

hljómsveitinni Superstars. Þar áður var mér sagt að hljómsveitin mín hét Ennisbandið.“

## Kosningaböll á Vagninum

Hljómsveitir Halldórs hafa starfað mislengi. Þó eru nokkur músikverkefni sem standa upp úr og staðið hafa lengst.

„Ég held að lengst hafi starfað hljómsveitin Cor. Hún er ennþá til og við reynum alltaf að koma saman á Vagninum og halda ball þegar það eru kosningar. Þá skiptir engu hvaða kosningar eru. Þannig ætluðum við að spila núna í sumar þegar forsetakosningar voru en ég var staddur í Noregi og komst ekki, því miður.

Við höfum ekki verið að spila fyrir neinn ákveðinn flokk heldur koma allir saman á þverpólitísku balli og skemmta sér. Að vísu vorum við á sínum tíma bendlaðir við Sjálfstæðisflokkinn af því að við spiluðum á skemmtun á Silfurtorgi á Ísafirði. Þetta var víst



vegum flokksins en ég vissi það ekki fyrir en þegar á hölmurinn var komið. Sýslumaður tók með okkur lagið og vakti það mismikla ánægju bæjarbúa að hann væri að syngja á samkomu Sjálfstæðisflokksins.“

## Þótti vera með asnalega putta

Halldór byrjaði ungur að spila á gítar. „Amma kenndi mér nokkur vinnukonugrip þegar ég var á fermingaraldri. Stuttu seinna fékk mamma gítar í jólagjöf og þá byrjaði ég að spila á fullu.

Á þessum tíma var Öundur eldri bróðir minn trommuleikari í hljómsveitinni Bleikir fílar. Hann þótti agalega mikill töffari og ég leit mikið upp til hans. Einu sinni þegar ég var að æfa mig á gítarinn kom hann og tilkynnti mér að ég gæti aldrei náð neinni færni á hljóðfærið af því að ég væri með svo asnalega putta.

Ég varð skelfilega miður mín yfir þessum ummælum og hætti að spila í rúmt ár. Hann var nálægt því að kæfa feril minn í fæðingu. Ég minni hann á þetta reglulega enn þann dag í dag.“

Halldór hefur að undanfömu leikið undir söng Sunnevu Sigurðardóttur. Hafa þau komið víða fram og nú þegar hafa þau tekið upp eitt lag.

„Við erum búin að taka upp lagið Float Around við texta eftir Ársæl Nielsson. Það var í raun tekið upp á þremur stöðum, í Tónlistarskólanum á Ísafirði, Tónlistarskólanum á Flateyri og læknabústaðnum.

Við ætlum að gera meira. Fyrir vorið ætlum við að minnsta kosti að klára 6-7 lög. Við tökum upp meira en bara kassagítar og söng. Ef okkur dettur eitthvert hljóðfæri í hug, þá spila ég bara á það. Nema trommur, kannski. Ef það vantar trommur, þá kemur Öundur bróðir og spilar á þær.“

## Hvenær tekst að selja rútna?

Ein þeirra hljómsveita sem Halldór starfar í er rokkbandið BMX. Hljómsveitin stefnir á upptökur á næstunni.

„Það fer eftir því hvenær okkur tekst að selja rútna. Við keyptum rútu fyrir nokkrum árum og borguðum hana upp með spilamennsku. Þegar það var búið hættum við eig-

inlega að nota hana og erum að reyna að selja hana til að eiga fyrir stúdíótímum.

Ég er ekki stofnmedlimur í BMX. Áður en ég gekk í hljómsveitina höfðu hinir gefið út lagið „Leysist upp“ sem var notað í bíómynd og fékk nokkra athygli. Ég var staddur á Brú í Hrutafirði þegar ég var ráðinn í bandið. Þá var ég að lesa Séð og heyr þar sem stóð í fyrirsögn fréttar um BMX: Leysumst ekki upp.

Þá hafði gítarleikarinn nýlega hætt. Á meðan ég var að lesa fréttina hringdu þeir í mig og réðu mig í bandið.“

## Hefur spilað víða

Þegar Halldór er spurður um fjölda þeirra dansleikja sem hann hefur spilað á, þá gerir hann aumkunarverða tilraun til að reikna það út.

„Veistu, það er eiginlega ómögulegt að segja. En ég er búinn að spila í hverju einasta samkomuhúsi á Vestfjörðum. Þar að auki hef ég spilað víða á Norðurlandi, á Austurlandi, í Reykjavík, í Noregi og hér og þar. Ég á að vísu eftir að spila í nýja stóra salnum í Edinborgarhúsinu á Ísafirði en ætla að gera það um páskana.“

**CHANEL**

DISCOVER THE MAKEUP OF THE SEASON AT CHANEL

**Kynning á nýju vor- og sumarlitunum frá CHANEL**  
Fimmtudaginn 3., föstudaginn 4. og laugardaginn 5. mars mun Gréta Boða vera í versluninni og kynna það nýjasta frá CHANEL. Komið og kynnið ykkur spennandi liti og nýjungar.

**Nýtt frá CHANEL**  
**HYDRAMAX + SÉRUM.**  
Frábær rakabomba undir kremið þitt.

Silfurgötu 1  
400 Ísafirði  
Sími 456 3210



# Ritstjórnargrein

## Grant verður fylgst með heimtum

„Háskólastarf hefur eflst um allt land og eru nú til dæmis uppi metnaðarfullar hugmyndir um stofnun háskóla á Vestfirðum, sem ég styð og tel að eigi að starfa í góðri samvinnu við aðrar háskólastofnanir í landinu,“ sagði forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, meðal annars í ræðu sinni við setningu flokksþings Framsóknarflokksins, sem lauk um helgina. Í ræðunni kvað ráðherra þrjár meginástæður fyrir langtíma veru framsóknarmanna í stjórnmálum. Ein þeirra var sú, að treysta mætti orðum þeirra.

Yfirlýsing forsætisráðherra og formanns Framsóknarflokksins er mikilvægur stuðningur við baráttu Vestfirðinga fyrir stofnun háskóla á Vestfirðum. Og ekki minnkar vægi hennar í samhengi við eina af þeim þremur höfuðástæðum, sem hann kvað höfuðástæðu langs stjórnarferils flokksins. Samþykkt flokksþingsins sama efnis ber að fagna.

Forganga Hallgríms Magnúsar Sigurjónssonar, útibússtjóra Íslandsbanka á Ísafirði, fyrir því að símaskiptiborð bankans verði staðsett á Ísafirði, er til eftirbreytni. Í afstöðu stjórnar bankans felst stuðningur við það viðhorf, sem sífellt er verið að hamra á, að á landsbyggðinni sé hægt að inna af hendi margvíslega þjónustu í þágu allra landsmanna. Fordæmi Íslandsbanka er góður vegvísir.

Betri er einn fugl í hendi en tveir í skógi. Byggðakjarnar á landsbyggðinni verða ekki eflir með „fuglum í skógi“, fyrirheitum um ný atvinnutækifæri, ef „fugl í hendi“, öflugt starfandi fyrirtæki, er á sama tíma numinn á brott. Haft er eftir viðskiptaráðherra að hugmyndir í nýgerðum Vaxtarsamningi Vestfjarða, um orkufyrirtæki í Norðvesturkjördæmi, séu ekki fyrirkomulag til framtíðar. Hvers vegna? Ráðherrann segir að horfa verði til allra átta! Hvert beinir ráðherrann sjónum? Gerðu efasemdirnar fyrst vart við sig eftir undirskrift Vaxtarsamningsins?

Vestfirðingar óttast þau pólitísku umbrot sem nú krauma undir í orkumálum þjóðarinnar. Hversu haldþærar eru yfirlýsingar fjögurra ráðherra um að Vestfirðingar þurfi ekki að óttast sameiningu orkufyrirtækja? Dugir bara að draga andann djúpt?

Háskóli á Vestfirðum er skjólvirkasta leiðin til að gera Ísafjarðarbæ að þeim byggðakjarna, sem Vestfirðir þurfa á að halda. Ótal tækifæri á öðrum sviðum þurfa síðan að fylgja. Nú er þess eins að bíða að önnur stjórnmalasamtök verði samstíga þeim, sem formlega hafa lýst hafa yfir stuðningi við háskóla á Vestfirðum.

Grant verður fylgst með því hverjar heimtur verða! s.h.

## Orðrétt af netinu

### You gotta fight for your right to party!

Nokkrir alþingismenn vilja ákveða fyrir almenning hvar má og hvar má ekki reykja. Dettur einhverjum í hug að þeir láti staðar numið þar? Nei, baráttu þeirra gegn hinu og þessu heldur áfram. Þetta fólk mun áfram gera tilraunir til að taka ákvarðanir fyrir sjálfráða einstaklinga. Mál eins og þetta reykingsmál sem komið hefur upp snúast um meira en það hvort okkur líkar eða líkar ekki við reykjar. Þetta snýst um frelsi fólks og eignarétt.

Eigandi tiltekens húss eða fyrirtækis ræður hvaða reglum um það gilda. Fólk á sig sjálf. Það hefur frelsi til að gera það sem það vill, svo framarlega sem það brýtur ekki á eignarétti eða frelsi annarra. Hegðun fólks á ekki erindi inn á borð stjórnmalamanna. Þeir ættu heldur að taka eigin hegðun til skoðunar.

uf.is – Sævar Guðmundsson

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564.

Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is.

Fréttastjóri: Hálfán Bjarki Hálfánsson, sími 863 7655, halfan@bb.is – Blaðamenn: Halldór Jónsson, sími 892 2132 hj@bb.is – Thelma Hjaltaðóttir, sími 849 8699, thelma@bb.is.

Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson · Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is

· Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk.

Áskriftaverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

ISSN 1670 - 021X

## Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins

# „Nú standa öll spjót á menntamálaráðherra í háskólamálinu“

Flokksþing Framsóknarflokksins samþykkti samhljóða tillögu Albertínu Elíasdóttur, Kristins H. Gunnarssonar, Magnúsar Stefánssonar og Ívars Jónssonar um að stofna skuli háskóla á Vestfirðum innan þriggja ára. Kristinn H. Gunnarsson segir einróma samþykkt tillögunnar á flokksþinginu mjög mikilvægt skref því nú hafi æðsta stofnun Framsóknarflokksins tekið af skarið í þessu mikilvæga hagsmunamáli Vestfirðinga.

„Tillagan hlaut mjög góðar

undirtektir og eindreginn stuðningur formanns Framsóknarflokksins var mjög ánægjulegur“, segir Kristinn. Í tillögunni er ekki minnst á svonefnt Þekkingarsetur sem talsvert hefur verið í umræðunni að undanförmu. Kristinn segist telja hugmyndir manna um stofnun Þekkingarseturs tímasóun.

„Það má vel vera að sú hugmynd hafi átt að vera einhver millileið en slíka millileið er aldrei hægt að samþykkja nema næstu skref í málinu séu nákvæmlega tímasett og loka-

markmiðið ljóst. Slíkt hefur mér ekki fundist koma nægjanlega sterkt fram í þeim hugmyndum sem kynntar hafa verið um Þekkingarsetur“, segir Kristinn.

Samþykkt flokksþings Framsóknarmanna er mjög afgerandi því þar er talað um að stofna skuli háskóla innan þriggja ára. „Þessi tillaga annars ríkisstjórnarflokksins gengur í raun lengra en samþykktir bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar til þessa. Þeir sem fylgjandi eru stofnun Háskóla Vestfjarða verða að nýta sér

þann stuðning sem málið virðist hafa. Vonandi munu tillögur heimamanna ekki ganga skemur en tillögur okkar Framsóknarmanna og ýmissa annarra. Annar ríkisstjórnarflokkurinn hefur gert upp hug sinn og því finnst mér að öll spjót standi nú á Sjálfstæðisflokknum og menntamálaráðherra hans, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur. Ég trúir því ekki að okkar ágæti samstarfsflokkur fari að tefja þetta mikla framfaramál Vestfirðinga“, segir Kristinn.

– hj@bb.is



## 30 ár frá friðlýsingu Hornstranda

Á sunnudag voru 30 ár liðin frá því samþykkt var að friðlýsa Hornstrandir, en þær ná yfir allt svæðið norðan Skorarheiðar, sem liggur úr botni Hrafnfjarðar í Jökulfjörðum yfir í Furufjörð. Hornstrandir eru sem kunnugt er einstök náttúruperla, ekki síst fyrir þær sakir hvað svæðið er einangrað. Svæðið er kjörland útivistarfólks, en um Hornstrandir má bara fara fótgangandi. Alengengt er að farið sé í friðlandið með bátum frá Ísafjarðarbæ eða úr Norðurfirði á Ströndum. Einnig er vinsælt að ganga á Hornstrandir úr Árneshreppi eða frá Unaðsdal á Snæfjallaströnd við norðanvert Ísafjarðardjúp.

Árni Bragason, forstöðumaður náttúruverndarsviðs Umhverfisstofnunar segir í samtali við Fréttablaðið á sunnudag að Hornstrandir hafi sérstöðu varðandi stjórnun friðlanda, því frá upphafi hafi verið starfandi ráðgjafarnefnd um málefni Hornstranda, en umsjá friðlandsins er í höndum Ísafjarðarbæjar. „Áður var það þannig að stofnunin átti þrjá fulltrúa, en við ákváðum að fá rödd sveitarfélagsins sterkari inn, þannig að í dag eigum við einn fulltrúa, landeigendur þrjá

og Ísafjarðarbær tvo fulltrúa. Vorið 2003 gengum við svo enn lengra og gerðum samning við Ísafjarðarbæ um umsjá með friðlandinu,“ segir Árni, en í náttúruverndarlögum er heimild til að fela lögáðilum umsjón með friðlöndum.

Byggð á Hornströndum var farin að dragast saman þegar þjóðfélagsbreytingar urðu þess valdandi að allir bæir þar fóru í eyði á stríðsárunum eða stuttu síðar. Landið er í einkaeign að mestu og landeigendur tryggðar hefðbundnar nýttar, svo sem æðarvarp, veiði í ám og vötnum og fugla- og eggjataka. Í friðlandinu eru nokkrir tugir húsa, bæði gömlu bæjarhúsin uppgerð og ný sumarhús. Á Hornströndum eru feiknahá fuglabjörg iðandi af sjófugli. Þá hefur refur átt sér gríðland á Hornströndum, en þær eru eini staðurinn á landinu þar sem ekki má veiða hann. Algengt er að ferðalangar rekist á ref því hann hefur vanist ferðum manna og er gæfur.

Á vef Umhverfisstofnunar kemur fram að dýralíf og gróðurfar á svæðinu beri þess skýr merki að ágangur manna og búfænaðar sé takmarkaður. Landslagið hefur áhrif á ímyndunaraflíð þannig að sagnir um tröll og forynjur vakna enda hefur náttúru trúin líklega hvergi verið jafn sterk og á Hornströndum. Árni segir sérstöðu Hornstranda aukast með hverju árinu sem líður. „Á landinu eru engin svæði önnur sem ekki er hægt að nálgast á tækjum, en menn hafa viljað halda fast við að þarna verði eingöngu siglt,“ segir hann og bætir við að eng-

inn áhugi sé fyrir breytingum á því, síst af öllu hjá landeigendum. „Svæðið hefur yfir sér ákveðna dulúð og stór hluti hennar er auðvitað að ekki er auðvelt að komast inn á það.“

Umferð um Hornstrandir er enda ekki mjög mikil og ein-skorðast að mestu við sumar tímenn. Árni segir að á sumrin fari um það bil 3.000 manns inn á svæðið, helmingurinn í sumarhús.

– hj@bb.is



## Súðavíkurhreppur

### Til sölu!

Súðavíkurhreppur auglýsir til sölu tvö einbýlishús sem munu rísa við Holtagötu 8 og 12 í Súðavík.

Um er að ræða fimm herbergja einbýlishús með bílskúr, samtals 177m<sup>2</sup>.

Húsin verða tilbúin til afhendingar í ágúst.

Frekari upplýsingar um húsin veitir sveitarstjóri á skrifstofu Súðavíkurhrepps eða í síma 456 4912.



**Pórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar fundaði með Bolvíkingum**

# Neyðarlínan yfirfari boðunar-áætlanir í samráði við heimamenn

Pórhallur Ólafsson framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar fundaði með forsvarsmönnum Heilbrigðisstofnunar Bolungarvíkur, sýslumannsins í Bolungarvík, og formanni björgunarsveitarinnar Ernis í síðustu viku. Þá sat og fundinn bæjarstjórnin í Bolungarvík, yfirlöggregluþjónninn á Ísafirði og yfirlæknir Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar. Fundurinn var haldinn í kjölfar þess að sjúkrafreið frá Ísafirði var fyrir mistök starfsmanns Neyðarlínunnar send til Bolungarvíkur vegna manns er hneig niður meðvit-

undarlaus þann 13. febrúar. Ólafur Kristjánsson framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Bolungarvíkur segir það hafa þótt rétt og nauðsynlegt að boða til fundar með áður nefndum aðilum til þess að ræða meðal annars um hvernig staðið var að boðun og aðkomu Neyðarlínunnar og heimaaðila við áður nefnt atvik.

Ólafur segir framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar hafa gert ítarlega grein fyrir hvernig staðið var að boðuninni, hvað betur mátti fara og nauðsyn þess að allir aðilar, bæði Neyð-



Bolungarvík.

arlínan og heimaaðilar, lærðu af þeim mistökum sem urðu við boðunina. Hann segir að eftir miklar og gagnlegar umræður hafi niðurstaða fundarins orðið sú að yfirfara boðunaráætlanir með Neyðarlínunni svo tryggt sé að allar upplýsingar og boðleiðir séu skýrar, stuttar og aðgengilegar öllum þeim er koma til aðgerða, hjálpar og aðstoðar í neyðartilvikum.

Í því sambandi var fagnað samkomulagi sem gert var milli Landlæknis, Neyðarlínunnar, Sjúkraflutningsráðs, Landspítala Háskólasjúkra-

húss og stærstu sjúkraflutningsaðila um nýtt fyrirkomulag á skráningu sjúkraflutninga og verklagsreglur þar að lútandi. Skorðuð fundarmenn á viðkomandi aðila að hraða sem kostur er heimsóknnum til sjúkraflutningsstofnana og kynna og ræða stöðu þessa mikilvæga máls.

Ólafur sagði öllum vera ljóst að hlúa þurfi að þýðingarmiklu starfsviði Neyðarlínunnar og starfsháttum hennar og heimaaðila með þeim hætti að íbúar geti treyst á skjót og rétt viðbrögð hverju sinni er á þarf að halda. — *hj@bb.is*

**Fundur framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar með Bolvíkingum**

## Fulltrúa slökkviliðs Ísafjarðarbæjar ekki boðið á fundinn

Þorbjörn Sveinsson, slökkvistjóri á Ísafirði er afar ósáttur við að fulltrúa slökkviliðs Ísafjarðarbæjar skuli ekki hafa verið boðið á fund þann sem framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar átti í Bolungarvík í síðustu viku. Hann segir ýmsa aðila reyna að koma ábyrgð á þeim mistökum sem áttu sér stað yfir á starfsmenn sína.

Fundinn sátu framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar, forsvarsmenn Heilbrigðisstofnunar Bolungarvíkur, sýslumaðurinn í Bolungarvík og formaður Björgunarsveitarinnar Ernis. Einnig sátu fundinn bæjarstjórnin í Bolungarvík, yfirlöggregluþjónninn á Ísafirði og yfirlæknir

Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæjar. Fulltrúa Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar var ekki boðið til fundarins.

Þorbjörn Sveinsson segir að umræddur fundur hafi verið tímabær en undrast mjög að fulltrúa Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar skuli ekki hafa verið boðið til fundarins. „Ég er afar ósáttur við að slíkur fundur skuli hafa verið haldinn án þátttöku þess liðs sem fór í umræddan flutning. Hjá Slökkviliði Ísafjarðarbæjar starfa einu atvinnuennirnir í sjúkraflutningum á svæðinu og þetta lið sinnir stærstum hluta af þeim sjúkraflutningum sem fram fara á svæðinu. Því er það óskiljanlegt að okkur skuli ekki hafa verið boðið“.



Þorbjörn Sveinsson, slökkviliðsstjóri í Ísafjarðarbæ.

Aðspurður segist Þorbjörn hafa orðið var við það að ýmsir fjölmiðlar og embættismenn hafi reynt að koma sökinni af

mistökum í áður nefndri boðun yfir á starfsmenn Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar. Þeir starfsmenn mínir sem fóru í umræddan flutning framkvæmdu hann eftir þeim reglum sem þeim ber. Í aðdraganda flutningsins urðu mistök í boðun sem verður að koma í veg fyrir að endurtaki sig. Útkallsmál Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar eru hins vegar í mjög góðu lagi og samstarf okkar við starfsmenn Neyðarlínunnar er mjög gott. Því kom mér það mjög á óvart að okkar nærveru skyldi ekki hafa verið óskað á áður nefndan fund þar sem þessi mál á svæðinu voru rædd.“

— *hj@bb.is*

**Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar**

## Þiggur ekki heimboð til Nanortalik

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur afþakkað boð bæjarstjórnans í Nanortalik á Grænlandi um þátttöku í vinabæjarmóti í sumar. Ástæðan er sú að vinabæjarmót verður á Ísafirði í sumar og hefur fjármagni til vinabæjarsamskipta verið ráðstafað í það mót. Það var 8. desember sl. sem Frank Hede-gaard Jørgensen bæjarstjóri í vinabæ Ísafirðinga á Grænlandi Nanortalik sendi Halldóri Halldórssyni bæjarstjóra bréf þar sem hann bauð til vinabæjarmóts í Nanortalik 11.-14. júní í sumar.

Á fundi menningarmálanefndar þann 16. febrúar var málið rætt og þar var bókað að nefndin teldi að það fjármagn sem til ráðstöfunar væri í fjárhagsáætlun ársins til vinabæjarsamskipta „fari að mestu ef ekki öllu leyti í kostnað við



Nanortalik.

vinabæjarmótið sem haldið verður hér í Ísafjarðarbæ á komandi sumri. Því verði það að vera sérstök ákvörðun bæjarráðs/bæjarstjórnar ef taka á þátt í vinabæjarmóti í Nanortalik á komandi sumri“ eins og segir í bókun nefndarinnar.

Á fundi bæjarráðs í síðustu viku var síðan bókað að bæjarstjóra væri falið að þakka gott boð, en ráðið teldi sér ekki fært að þiggja boðið.

— *hj@bb.is*

● **Sælkeri vikunnar** · Anna Kristín Svansdóttir í Hnífsdal

## Fylltar kjúklingabringur og himnesk súkkulaðikaka

Sælkeri vikunnar býður upp á fylltar kjúklingabringur með pestó. Anna mælir með að bera réttinn fram með fersku salati. Í eftirrétt er himnesk súkkulaðikaka sem gott er að bera fram með ferskum berjum og þeyttan rjóma. Rétt er að geta að fyrir mistök var sælkeri síðustu viku misnefndur sem Berglind en hennar rétta nafn er Berghildur Arnadóttir. BB bíðst velvirðingar á því.

**Fylltar kjúklingabringur með pestó**

6 stk kjúklingabringur  
1 stór laukur  
6-8 sveppir  
½ krukka pestó  
6 msk parmesanostur eða annar ostur  
salt og pipar.

Setjið laukinn og sveppina á pönnu og léttsteikið, pestó og setjið osturinn út í. Skerið vasa í kjúklingabringurnar og setjið fyllinguna inn í og lokið með tannstónglum. Saltið og piprið bringurnar og brúnið síðan á pönnu og setjið inn í ofn á 170° í 15-20 mín.

**Himnesk súkkulaðikaka**

½ bolli sterkt kaffi (neskaffi)  
200 g púðursykur  
200 g sykur  
350 g smjör  
300 g suðusúkkulaði í bitum  
100 g ljóst rjómasúkkulaði, í bitum  
5 stór egg (eða 6 lítil)

Setjið kaffið í pott og bætið sykrunum út í. Látið suðuna koma upp. Takið af hellunni og bætið súkkulaði og smjöri saman við sykurlönduna. Má



ekki sjóða eftir að súkkulaðið og smjörið er komið út í, bætið svo eggjunum út í. Hrærið vel í blöndunni. Smyrjið stórt spring-form með lausum botni. Klæðið mótið vel að

utan með álpappír til að koma í veg fyrir að deigið leki úr forminu meðan kakan bakast. Hellið deiginu í mótið. Setjið í 180° heitan ofn og bakið í 60 mín. Passið að hún brenni

ekki. Kælið kökuna í 3-4 klst. áður en hún er borin fram.

Ég skora á Álfheiði Elínu Bjarnadóttur í Hnífsdal að koma með góðar uppskriftir.





Leikararnir ásamt Ólínu Þorvarðardóttur skólameistara MÍ, leikstjóra verksins og höfundum þess. Myndir Birgir Þór Halldórsson.

# Hundrað manns á frumsýningu Djöflaeyjunnar

Sólrísluleikrit Leikfélags Nemendafélags Menntaskólans á Ísafirði „Þar sem Djöflaeyjan rís“ var frumsýnt á föstudag. „Frum-sýningin heppnaðist vel og 100 manns voru í salnum. Þetta er stórglæsileg

sýning“, segir Ársæll Nielsson hjá LMÍ. Höfundar leikverksins, Einar Kárason og Kjartan Ragnarsson, voru meðal frumsýningargesta og að sögn Ársæls voru þeir ánægðir með uppfærsluna.

„Hún gekk vel en það var leitit hve fáir komu. Einungis 60 manns voru á henni. Ég vona að það fari að lifna yfir þessu þegar líður á vikuna“, segir Ársæll. Sýningin fer fram á sal skólans sem líkist nú

most gömlu braggahverfi. Leikstjóri er Þórunn Sigþórsdóttir. „Þar sem Djöflaeyjan rís“ verður næst sýnd á morgun kl. 20. Miðapantanir fara fram í síma 456 5700.

– thelma@bb.is



Höfundar verksins Einar Kárason og Kjartan Ragnarsson ásamt Þórunni Sigþórsdóttur leikstjóra.

## Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins

# Varanlegar samgöngubætur í forgang

Árið 2000 vakti sá sem þetta ritar máls á því að horfa yrið til stefnu í samgöngumálum á Vestfjörðum sem dygði sem varanleg lausn fyrir langa framtíð. Með þingsályktun var lagt til á Alþingi að horft yrið á það megin markmið í gerð nýrra vega að færa þá af illfærum fjallvegum í jarðgöng. Þannig að einstakir fjallvegir sem oft verða farartálmar á annars mörg hundruð kílómetra þjóðleið verði að láglandisvegi með gerð nýrra jarðgangna.

séð að það er ekki sama að taka upp með nánast engan fyrirvara gerð jarðgangna undir Almanskard, sem ég er mjög ánægður með, og að gera stutt göng undir Klettsháls. Því miður verður Klettshálsinn áfram farartálmi í áratugi og ekki varanlegur láglandisvegur. Auk þess verður Dynjandisheiði erfið ef snjóþyngsli verða. Þess vegna er það svo að krafan um jarðgöng þar sem stýst er að fara úr Djúpi, það er Ísafirði og yfir í Fjarðarhornsdal í Kollafirði verður mjög sterk á næstu árum.



Guðjón A. Kristjánsson.

orkuver við annan enda þeirra jarðgangna gæti líka verið búbot en því miður er forræði þeirra mála að öllum líkindum ekki í okkar höndum eins og Framsóknarráðherra orku- og byggðamála vinnur að málum.

### Nútíma akvegir

Mér er það ljóst að margir eru farnir að átta sig á því í dag að jarðgöng og þverun fjarða eru þær leiðir sem verður að fara ef ná á því besta fyrir framtíðina í vegamálum sem völ er á og á fáum áratugum spara þær lausnir mikla fjármuni. Til gamans væri fróðlegt að rifja upp samgönguáherslur þær þegar við Halldór Hermannsson fengum

að móta samgöngumálastefnu T-listans 1983 með Sigurlaugu Bjarnadóttur og fleira fólki. Því þverun Dýrafjarðar og Gilsfjarðar sem og göng undir Breiðadals- og Botnsheiði, eru öll orðin að veruleika en Óshlíð er enn sama vandamálið, enda töldum við þá leið ekki framtíðarveg í samgöngustefnu T-listans 1983. Framtíðarvegur milli Skutulsfjarðar og Álftafjarðar verður best leystur með jarðgöngum úr Engidal.

Brátt mun koma fram frá þeim sem þetta ritar, tillaga um 20 ára áætlun í jarðgangna-gerð sem færir allar aðalleiðir þjóðvega á láglandi. Til þess þarf að hefja vinnu við ný jarðgöng á hverju ári frá og með árinu 2007 og marka í þau verkefni um 2,5 milljarða króna á hverju ári sérstaklega.

Þar með væri því stórvirki lokið fyrir 2030 til mikils fjárhagslegs og búsetulegs ávinnings fyrir alla fbúa þessa lands sem þá þurfa að geta tekið á móti einni milljón erlendra ferðamanna á hverju ári og sýnt þeim landið, fólk, himin og haf. Sögu lands og lýðs og lífið eins og það er, vetur, sumar, vor og haust.

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins.



Djöflaeyjan var frumsýnd á föstudag.

## SAMSKIP

### Bílstjórar

Laus eru til umsóknar störf bílstjóra. Annars vegar er um að ræða fast starf bílstjóra og hins vegar afleysingastörf í sumar í starfsstöð okkar á Ísafirði.

#### Starfssvið:

- Akstur með vörur til viðskiptavina.
- Þjónusta við viðskiptavini.

#### Menntun og hæfniskröfur:

- Meirapróf.
- Lyftarapróf.
- ADR og tankaréttindi æskileg.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Fágúð framkoma, lipurð í mannlegum samskiptum.

Sá sem ráðinn verður í fasta starfið þarf að geta hafið störf sem fyrst en aðrir í júní.

Vinsamlegast sendið skriflegar umsóknir til Kristínar Hálfadóttur, rekstrarstjóra á Ísafirði. Hún veitir allar nánari upplýsingar í síma 456 4000.

### Val forgangsléiða

Þá er fyrst að velja ný vegstæði fyrir jarðgöng sem stytta akstursleiðir, auka öryggi og kosta minnst viðhald og spara einnig tíma og orku. Jafnframt þarf að líta til annars hagræðis sem gæti fylgt nýjum samgöngubótum, eins og minni fjárfestinga í hafskipahöfnum, flugvöllum og betri nýtingu landsvæðis og jafnvel styttri leiða við orkuflutningi milli staða eða landsvæða.

Ég hef síðar komist að þeirri niðurstöðu að þessi tillaga mín um þriggja arma göng undir Klettsháls og Kollafjarðarheiði hafi ekki verið flutt af fulltrúa úr réttum stjórnmalaflokki og þess vegna verið fryst úti. Enda hafa menn síðar

### Öruggir vetrarvegir

Það verður líka rökrétt niðurstaða fyrir Norðursvæði Vestfjarða að komast þá leið þegar búið verður að þvera Þorskafjörð, Gufufjörð og Djúpaþjörð. Stysta leið jarðgangna mun þá fást með vegi inn Múladal og síðan áfram inn dalverpi austan við núverandi sumarveg yfir Kollafjarðarheiði. Ef þau göng verða í 100-150 metra hæð yfir sjó er vegalengd jarðgangna mjög líklega undir 6 km. að lengd. Sú jarðgangnaleið þarf rannsóknar við og er þar farið undir Vatnasvæði. Sem bæði getur haft með sér kosti og galla eins og Vestfirðingar þekkja úr Vestfjarðagöngum. En raf-

# Það besta úr ólíkum menningarheimum

– Nú varstu mjög ung að árum þegar þú fluttist til útlanda. Hvað varð til þess?

„Faðir minn dó áður en ég fæddist og þegar ég var eins og hálfis árs fluttum við mamma til Bretlands þar sem hún fór í nám í hótelstjórnun í Surrey University. Í háskólanum kynntist hún grískum manni, Antonis að nafni. Ári seinna giftu þau sig og við fluttum til Grikklands. Þá var ég orðin þriggja ára og þar bjuggum við síðan í fimm ár. Ég átti gríska fjölskyldu og vini og held enn miklu sambandi við það fólk. Ég reyni að fara þangað að minnsta kosti einu sinni á ári. Ég var þrjú ár í grískum barnaskóla og var með mjög strangan kennara, frú Christinu, sem fannst eðlilegt að aga okkur með kinnhestum og hártogi, sem gefur innisýn í hve skólakerfi okkar eru ólík.

Að alast upp í grískri menningu og umhverfi, með þessari yndislegu tónlist og hefðbundinni Miðjarðarhafs-matarmenningu, hefur fylgt mér hingað til og mótað mig sem manneskju. Mér finnst ég hafa verið ákaflega lánsöm að hafa fengið það besta frá þessum ólíku menningarheimum. Við bjuggum hjá ömmu og afa í stóru húsi í útjaðri Aþenu. Ég talaði grísku við pabba, íslensku við mömmu og ensku inn á milli. Amma og afa kenndu mér margt þessi fyrstu ár og sambúðin við þau var ógleymanleg. Á veturna kom svo amma til okkar frá Íslandi og passaði okkur á meðan mamma vann úti. Í Grikklandi eignaðist ég tvö systkini, Sindra Emmanúel og Katerínu Ingu.

Þegar ég var átta ára gömul skildu mamma og Antonis og við fluttum til Íslands ásamt systkinum mínum. Við fluttumst austur í Eiða, stutt frá Egilsstöðum, og mamma gerðist enskukennari við Alþýðuskólann á Eiðum. Við bjuggum á Eiðum í þrjú ár og þar kynntist mamma Hermannni Níelssyni frá Ísafirði.

Seinna fóru mamma og Hermann í nám í Kennaraháskólanum og við fluttumst að Hvanneyri í Borgarfirði þar sem Hermann fór að kenna en mamma tók við sumarhótelinu. Nokkru síðar fékk mamma vinnu hjá ferðaskrifstofu í Bretlandi og við skelltum okkur út í kjölfarið. Þá hafði bæst við fjölskylduna systir mín

Nína Dagrún.

Þar fór ég í breskan skóla og þurfti að sjálfsgöðu að vera í skólalúningi. Ég átti erfitt með að fóta mig í breska skólakerfinu, þar var mikill agi og strangari reglur en hér heima. Sem dæmi má nefna, að einn daginn mæti ég með fjölbláa spennu í hárinu sem gæslumaður þrífur úr hári mínu með miklum ofsa og lætur mig vita að ég hafi aldeilis svívirt skólalúninginn með þessum skæra lit. Þrátt fyrir margt sem mér fannst erfitt var að sjálfsgöðu margt gott þarna líka. Ég fékk að vera tvo vetur hjá ömmu minni fyrir norðan því ég var svo ósátt við skólann úti og kláraði 8. og 9. bekk þar.

Þegar ég var fimmtán ára fór ég sem skiptinemi til Kanada til að læra frönsku og bjó í franska hlutanum, í Quebec. Þar var ég sex vikur í frönskunámi á vegum AFS. Þegar dvölinni þar lauk fór ég aftur til Bretlands og hóf nám í 10. bekk. Ég naut þess betur í þetta skiptið, fór í nýjan hverfis-skóla með bróður mínum, var með skemmtilega kennara og tók þátt í skemmtilegu leiklistar-, söng- og listnámi.

Hermann flutti svo til Ísafjarðar eftir 30 ára fjarveru þaðan. Það bráðvantaði góðan ífróttakennara en við hin vorum ófram úti. Ég fluttist hingað seinni hluta vetrar til að taka samræmdu prófin. Mamma og systkini mín fylgdu síðan í kjölfarið um vorið.

## Svaf úti í skúr í Brasilíu

„Ári seinna varð ég aftur full af ævintýraþrá og vonaðist til að komast sem skiptinemi í heilt ár. Mér bauðst að fara til Brasilíu á vegum Rotaryhreyfingarinnar og var mjög ánægð með það. Dvölin þar var skemmtileg og erfið í senn. Ég bjó hjá þremur fjölskyldum í borginni Belo Horizonte. Ég var lengst hjá fyrstu fjölskyldunni. Hún var frekar efnalítill miðað við hinar, þannig að ég fékk að upplifa ólíkar aðstæður. Þau voru alveg yndisleg og ég kalla þau í dag brasilísku fjölskylduna mína. Seinni fjölskyldurnar bjuggu báðar í afgirtu umhverfi þar sem vopnaðir verðir gættu inngangsins. Við þurftum að vera með lykilorð og skilríki til að komast inn á svæðið.

Ég bjó hjá fjölskyldu sem lét mig sofa úti í skúr. Það var

## – rætt við Önnu Birtu Tryggvadóttur, heimsborgara og fegurðardís



Anna Birta Tryggvadóttir hefur þrátt fyrir ungan aldur öðlast fjölbreytta lífsreynslu. Hún hefur búið víða um heim og fengið að kynna menningu ólíkra þjóða.

Árið 2004 var mjög viðburðaríkt hjá Önnu Birtu. Hún tók þátt í Feegurðarsamkeppni Vestfjarða með þeim árangri að hún var meðal þriggja stúlkna að vestan til að taka þátt í keppninni Ungfrú Ísland á liðnu vori. Þar lenti hún í 4.-5. sæti ásamt Margræti Magnúsdóttur, fegurðardrottningu Vestfjarða 2004, og var valin vinsælasta stúlkann. Snemma ársins tók Anna Birta þátt í Söngvarakeppni Vestfjarða með góðum árangri.

Stúlkunni er margt til lista lagt og meðal annars hefur hún mikinn áhuga á leiklist og söng. Hún talar fimm tungumál. Bæjarins besta ræddi við Önnu Birtu um búsetuna erlendis, þátttöku í fegurðarsamkeppni vestra og syðra, útþrána og draumana.

samt sem áður laust herbergi inni í húsinu, þannig að ég veit ekki af hverju það var. Sú fjölskylda var frekar köld miðað við brasilískt fólk. Að vopnaðir eru Brasilumenn frekar opnar og hlýjar manneskjur. Það tók dálítið á taugararnar að búa inni á fólk þar sem maður var ekki velkomin, en það kenndi mér bara

umburðarlyndi ef eitthvað er. Hjá þessu fólk fann ég mest fyrir heimþránni enda erum við mamma mjög nánar og ég saknaði þess að vera ekki hluti af fjölskyldu.

Eftir tvo mánuði á þessum stað fékk ég að skipta um fjölskyldu og þá tók við betri tíð. Á því heimili voru fimm þernur. Það var heilmikil upplifun.

Það er mikil stéttaskipting í Brasilíu. Lægst launaða fólk er með sem svarar rúmum fimm þúsund íslenskum krónum á mánuði. Þar er einnig lítið mjög niður á svart fólk, sem er alveg ótrúlega skrýtið að mér finnst, þar sem Brasilúbúar eru flestir mjög dökkir á hörund.

Það er mikil feegurðardýrkun og megrunarárátta þar í landi. Ein móðir mín þar hafði oft lagst undir hnífinn og látið sníða sig eftir nýjustu tísku, brjóstin minnkuð og ári seinna stækkuð aftur og einnig var sogið hér og þar. Ég átti ekki orð. Allar konur fara í hand- og fót snyrtingu í hverri viku enda kostar það ekki nema sem svarar 250 íslenskum krónum.

Ég var ljóshærð þegar ég kom út og gerði mér grein fyrir því að ég skar mig úr hópnun enda ekki margir þar ljósir yfirlitum. Ég og vinkona mín frá Finnlandi urðum fyrir miklu aðkasti, sérstaklega frá karlmönnum, þeir æptu og óskruðu á eftir okkur. Eitt sinn lentum við í manni sem hljóp á eftir okkur og við rétt slupum inn fyrir dyrnar á líkamsræktarstöð þar sem við björguðumst því að hann var ekki með skilríki til að komast inn.

Daginn eftir lituðum við báðar á okkur hárið og þá féllum við betur inn í hópin.

Ég byrjaði í barnaskóla sem var einnig gagnfræðaskóli en krakkarnir þar klára skólann 16 ára og fara síðan í háskóla. Þetta var einkaskóli og ég var því aftur komin í skólalúning! Þar var samt afslappaðra skólaumhverfi en í Bretlandi. Nokkrum mánuðum seinna bauðst mér að fara í háskóla með vinkonu minni sem var í sama Rotaryklúbbi og ég. Við vorum hæstánægðar með það enda töluðum við málið reiprennandi og sóttum tíma í sálfræði og félagsfræði sem okkur fannst mjög gaman.

Þetta var alveg mögnuð upplifun þrátt fyrir erfið tímabil. Mjög þroskandi og eftirminni-legt ár. Mæli eindregið með svona ævintýri.

## Fegurðarsamkeppni er hörkuvinna

„Þegar ég kom aftur til Ísafjarðar tók við viðburðaríkur vetur. Ég tók þátt í Söngvarakeppni Vestfjarða og fannst það mjög gaman. Ég tók einnig þátt í leikritinu Gretti sem sett var upp á veg-

um Menntaskólans á Ísafirði og var alveg meiriháttar sýning.

Stutta seinna var mér boðið að taka þátt í feegurðarsamkeppninni hér og fór mikill tími í það. Það var mjög skemmtilegur tími og þrátt fyrir kröfur um að létta okkur og styrkja var samt sem áður ekki mikil samkeppni innan hópsins. Þetta var yndislegur hópur af stelpum og þær Rósamunda og Helga Salóme héldu vel utan um okkur.

Þegar krýningin var vorum við allar mjög spenntar og það var komin meiri alvara í þetta. Við ræddum við dómara sem komu frá Reykjavík og dagurinn fór í að undirbúa okkur fyrir kvöldið. Andrúmsloftið í Krúsinni var þægilegt og okkur leið vel. Það var að sjálfsgöðu taugastrekkjandi að láta mæla sig út og gagnrýna en kvöldið leið hratt.

Við Magga og Ólafía vorum að sjálfsgöðu í skjúnunum yfir því að hafa verið beðnar um að taka þátt í keppninni Ungfrú Ísland og fannst gaman að taka á við þetta saman enda góðar kunningjakonur. Við fengum að taka vorprófin aðeins fyrr og bæði Ólafía og Margræt fengu að taka fleiri próf fyrir sunnan.

Tíminn flaug og við drifum okkur suður í þriggja vikna æfingaprógramm. Þá tók alvaran við. Það var mun meiri keppnisandi í loftinu og meiri kröfur um að líta sem best út. Það voru stanslausar æfingar og ansi hart að okkur lagt enda átti keppni að vera sem glæsilegust. Við fórum til Dísu í World Class sem sagði okkur hvað við þyrftum að greнна okkur mikið fyrir keppnina. Við fengum strangt matarprógramm og áttum að mæta einu sinni til tvisvar á dag í líkamsrækt. Þetta var hörkuvinna og mikil pressa á okkur.

Það er mun minni „glamúr“ bak við svona keppni en fólk heldur. Á generalprufunni leið yfir eina stúlkuna af hungri og ýmislegt fleira kom fyrir á bak við tjöldin.

Þrátt fyrir strangar æfingar og erfiði fórum við stúlkurnar í óvissuferð sem var mjög skemmtileg. Það skapaðist skemmtilegur mórall hjá okkur, sem gerði myndatökur og fleiri verkefni ennþá áhuga-verðari. Við fórum einnig í þáttinn Fólk með Sirry og fórum í viðtal tver og tver saman á Popp Tívi. Það gerði allt



ferlið skemmtilegra.

Ótrúleg upplifun allt saman en satt að segja var ég orðin ansi þreytt þegar kom að keppniskvöldinu. Dómaravíðtalið var skemmtilegt og afslappað. Ég var beðin um að syngja, mest í gamni þó, og þar sem ég sagðist vera söngkona tók ég létt djasslag á staðnum sem kom þeim skemmtilega á óvart.

Dansatriði og tískusýningar sem Yasmin Olsen stóð fyrir krydduðu mjög keppnina. Tíminn flaug og komið var að krýningu. Kvöldið var einstaklega skemmtilegt. Við Margrét Magnúsdóttir lentum í 4.-5. sæti og fengum því viðurkenningu, sem var góð tilfinning eftir allt erfiðið. Ég mæli samt sem áður ekki með svona keppni fyrir stúlkur með lítið sjálfstraust vegna þess að þetta snýst allt um samanburð. Það er auðvelt að brotna niður því að gagnrýnin er hörð. Það þarf að hafa báða fætur á jörðinni og hafa fullkomna trú á sjálfa sig.

Ég fékk vissulega nóg af megrun og líkamsrækt í þó nokkurn tíma eftir keppnina enda vorum við flestar búnar að leggja ansi hart að okkur. Þegar liðið var á nótt og keppnin búin pantaði ég pítsu. Fárra máltíða hef ég notið eins vel enda voru brauð, sælgæti og pítsur á bannlistanum.“

### Grikkir dönsuðu fram á nótt

„Tveimur dögum eftir keppnina héldum við kærastinn minn, Jón Gunnarsson, út til Grikklands á vit ævintýra. Við vorum nokkra daga í Aþenu hjá þabba mínum og héldum svo suður til Krítar, til borgarinnar Hania. Þar var mun erfiðara að fá vinnu en við héldum. Við unnum við það í nokkra daga að lokka fólk inn á veitingastaði, sem okkur fannst heldur súrt, enda var það mjög illa launað.

Nonni fór heim en ég fór á eyjuna Zakynthos ásamt móður minni, ömmu og systur. Við

mamma fengum báðar vinnu þar enda báðar grískumælandi. Þarna upplifðum við meðal annars gleðina með Grikkjum þegar þeir urðu Evrópumeistarar í fótbolta. Það var dansað fram á rauða nótt, allir héldu fánum á lofti og voru viti sínu fjær af gleði. Ungir jafnt sem aldnir tóku þátt í fagnaðarlátunum og linnti ekki á fjörinu fyrr en morguninn eftir.

Við systkinin fórum síðan ásamt þabba og frænku okkar á næstu eyju sem heitir Kefalonia, þar sem kvikmyndin Captain Corelli's Mandolin var kvikmynduð. Það er alveg gullfalleg eyja og nokkuð laus við túrista. Það var fín tilbreyting miðað við fjöldann af ferðamönnum sem var á svæðinu þar sem við bjuggum á Zakynthos. Þegar við snerum aftur var Aþena full af lífi enda mikið um að vera fyrir Ólympíuleikana. Þar var fullt af túristum og keppendum og mér finnst eins og allur ágústmánuður hafi ólgað af uppákomum. Tónleikar voru haldnir öll

kvöld og menningarlífið blómstraði. Ragnheiður Ragnarsdóttir vinkona mín keppti í sundi og ég sat ásamt fjölskyldu hennar á áhorfendapallinum og hvatti hana áfram. Það var alveg meiriháttar upplifun.

Við systkinin fórum ásamt föður okkar á handboltaleik Íslendinga á móti Slóveníu en þar bárum við sigur úr býtum. Við vorum þarna um 20 Íslendingar sem sátum víðs vegar um salinn. Það voru ansi aum hvatningarópin frá okkur þar sem Slóvenar voru í meirihluta. Í hálfleik hittust allir Íslendingarnir og við settumst saman svo að það myndi nú heyrast eitthvað í okkur – og viti menn, við sigruðum! Ég vil nú halda því fram að við höfum átt þar hlut að máli, hvatningarhópurinn.

Sumarið leið hratt og því lauk þannig að Nonni kom aftur út og við skruppum til eyjarinnar Santorini, sem er einhver sá falletasti staður sem ég hef komið áF.“

### Djassöngkona með jógakennsluréttindi?

– Nú tókst þú þátt í Söngvarakeppni Vestfjarða. Hefurðu alltaf haft áhuga á söng?

„Fjölskylda mín er mjög söngelsk og það var mikið af tónlist í kringum mig þegar ég var að vaxa úr grasi. Ég hef þó ávallt laðast mest að djassinum. Mér finnst Ella Fitzgerald alveg dásamleg söngkona og Billie Holiday hefur alveg sérstakan sjarma í röddinni. Ég er sérstaklega hrifin af tónlistinni sem samín er í kringum seinni heimsstyrjöldina. Mér finnst klæðnaðurinn frá þeim tíma einnig mjög hrífandi. Stundum hefur mér fundist að ég hafi fæðst á vitlausu tíma-bili.

Ég stefni á djass- og leiklistarnám erlendis eftir stúdentsprófið og New York er efst á blaði. Mér líður svo vel í stórborgum þar sem fjölbreytt menningarlíf blómstrar. Ég hef mikla ævintýraþrá og hlakka

til að upplifa næsta ævintýri. Ég er í fullu námi við Menntaskólann á Ísafirði og stefni á að klára stúdéntinn eftir ár. Ég er einnig mjög hrifin af jóga og er að vinna að því að fá kennararéttindi einn daginn.

Draumastaðan eftir 10 ár er að vera menntuð djassöngkona og leikkona, búin að gefa út plötu, vonandi við góðar undirtektir, kenna jóga tvisvar í viku og að vera að leggja drög að minni fyrstu sjálfs-hjálparbók. Ekki væri verra að fá að taka þátt í söngleik á Broadway. Alla vega er um að gera að láta sig dreyma. En fyrst og fremst vonast ég þó mest til að vera áfram heilbrigð og hamingjusöm“, segir Anna Birta.

Blaðamaður efar ekki að Anna Birta Tryggvadóttir eigi eftir að rata í ótal ævintýri og eiga viðburðaríka ævi. Hér er á ferðinni ung kona sem full ástríðu reynir að láta drauma sína rætast.

– thelma@bb.is

## Smáauglýsingar

Til sölu er 5 ára gamall Blomberg frystiskápur með átta skúffum. Stærð: 60x60x150. Uppl. í síma 456 3292.

Til sölu er nýlegt hornsófasett, stór sjónvarpsskápur og borðstofuhilla. Sófasettið er frá Linunni en skápurinn og hillan eru innflutt frá Mexíkó. Uppl. í síma 588 8855. (Kristín).

Í tilefni afmælis Fyrstu Freyju, LK, hefur verið dustað ef ryki Freyjanna því nú á að safna stíft og fara í Freyjuferð í haust. Það er GK sem sér um sjönn digra. Leggja skal inn 2.500 kr. á hverjum afmælisdegi. Nánari upplýsingar er hægt að senda á netfangið lydiaosk@mi.is

Til sölu er Toyota LandCruiser 90, árg. 1998, ekinn 140 þús. km. Bíllinn er skráður 7 manna og breyttur á 33". Uppl. í síma 892 0854 og 456 7109.

Vantar góða konu til að passa tvo drengi, gefa þeim að borða og koma þeim í rúmið nokkrum sinnum í viku í mars. Uppl. gefur Sigurlaug í síma 847 0131.

Vantar notaðan eldri bíl, ekki eldri en 1990 árg. Best væri sendibíll, helst 4x4, diesel, skoðaður 2005/06. Ekki tjónabíll. Hámarksverð kr. 100.000. Einnig vantar mótörhöjl, 50 kúbik. Hámarksverð kr. 30.000. Nánari uppl. gefur Sina Lauche í síma 456 7019 eða 845 3318.

Félagsvist verður í Guðmundarbrú föstudaginn 4. mars kl. 20:00. Allir velkomnir!

Unga konu með tvö börn vantar íbúð til leigu á eyrinni á Ísafirði. Reglusemi lofað. Upplýsingar í síma 849 8699.

Vel með farinn hnakkur með yfirdýnu óskast. Uppl. í símu 456 5198 eða 862 5669.

Til sölu er Nissan Primera árg. 1996. Góður bíll á góðu verði. Uppl. í síma 848 0297 e. kl. 16.

Til sölu er IZUSU Trooper árg. 1992, bensín. Sumar- og vetrardekk. Verð kr. 250 þús. Uppl. í síma 456 6163 eftir kl. 17.

Oska eftir Kerru undir 8 metra bát. Upplýsingar í símu 895 7430 eða 456 7430.

## Kirkjustarf

## Ísafjarðarkirkja:

Guðsþjónusta sunnudaginn 6. mars kl. 11:00. Haraldur Júlíusson predikar.

## Hólsókn:

Samverustund í Hólskirkju kl. 20:00 á föstudagskvöld á alþjóða bænaþegi kvenna. Gospelmessa kl. 20:00 á sunnudagskvöld.

## Heimildarmynd gerð um snjóflóðið mikla á Flateyri árið 1995

## Bæjarráð Ísafjarðarbæjar neitar að styrkja gerð myndarinnar

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að hafna beiðni um styrk til gerðar kvikmyndar um snjóflóðið mikla er féll á Flateyri fyrir tæpum tíu árum. Það var Björg Elín Finnsdóttir sem sendi bréf til bæjarins með ósk um styrk. Framleiðendur myndarinnar eru Edison lifandi ljósmyndir og Passport Pictures og leikstjóri er Einar Þór Gunnlaugsson sem einnig samdi handrit myndarinnar ásamt Ottó Geir Borg.

Í bréfi Bjargar kemur fram að myndin verði 90 mínútur að lengd og verði heimildarmynd fyrir kvikmyndahús. Hún á að fjalla um flóðið mikla

sem féll í október 1995 og afleiðingar þess. Þá kemur fram að viðtöl verði við heimafólk, bæði þá sem lentu í flóðinu, þá er voru á staðnum og hófu að grafa í flóðinu og einnig þá sem voru fjarri heima byggð á þessum tíma. Einnig verður talað við aðstandendur og björgunarsveitarmenn.

Við heimildaöflun verður m.a. leitað fanga í skýrslur björgunarsveitarfélaga og Almannavarna ríkisins. Einnig verður stuðst við fréttafni úr safni innlendra og erlendra fjölmiðla og einnig óbirt efni sem tekið var upp við gerð myndarinnar Leitarhundar árið 1996.

– hj@bb.is



Varnargarðurinn sem reistur var á Flateyri í kjölfar snjóflóðsins 1995.

## Enn hafnar Vegagerðin lækkun hámarkshraða á Djúpvegi

## Býður lækkun á öðrum stað

Vegagerðin hefur að nýju hafnað beiðni bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um lækkun hámarkshraða á Djúpvegi frá Hafrafellshálsi að afleggjara að Ísafjarðarflugvelli. Hins vegar býðst Vegagerðin til þess að lækka hámarkshraða á Skutulsfjarðarvegi sem bæjarstjórn óskaði ekki eftir. Bæjarráð hefur falið tæknideild að útfæra slíka lækkun hámarkshraða. Bæjarfulltrúi Frjálslyndra og óháðra lýsir vonbrigðum með niðurstöðuna.

Sem kunnugt er lagði Magnús Reynir Guðmundsson bæjarfulltrúi Frjálslyndra og óháðra fram tillögu um lækkun hámarkshraða á Djúpvegi á

umræddum vegarkafli sem er mikið notaður af almenningi sem gengur, hleypur og hjólar þennan vegarkafli á leið sinni á hringleið fyrir botn Skutulsfjarðar. Var tillagan samþykkt í bæjarstjórn en Vegagerðin hafnaði beiðninni. Ítrekaði Halldór Halldórsson beiðni bæjarstjórnar í bréfi nokkrum síðar. Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar fyrir stuttu var lagt fram bréf frá Magnúsi V. Jóhannssyni svæðisstjóra Vegagerðarinnar í Borgarnesi. Þar hafnar Vegagerðin aftur beiðni bæjarstjórnar með þeim orðum að ekki hafi fram komið nein viðbótarrök er réttlæti breytingu á afstöðu Vegagerðarinnar í málinu.



Vegarkafllinn sem um ræðir í Skutulsfirði.

Hins vegar segir í bréfinu að Vegagerðin sé tilbúin til að skoða möguleika á að lækka hraðann á Skutulsfjarðarvegnum sem liggur fyrir fjörið „enda er þar um að ræða tengiveg með frekar lítilli umferð

ökutækja og því forsvaranlegt að veita gangandi umferð meiri forgang á þeirri leið“ eins og segir í bréfi Vegagerðarinnar.

Bæjarráð vísaði erindinu til tæknideildar vegna úrvinnslu

á lækkun hámarkshraða á Skutulsfjarðarvegi. Magnús Reynir Guðmundsson bæjarfulltrúi lét bóka vonbrigði sín með afstöðu Vegagerðarinnar í málinu.

– hj@bb.is

## STAKKUR SKRIFAR

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

## Flugvöllinn í Reykjavík!

Það kom að því að tekin var tímamótaákvörðun á flokksþingi stjórnsmálaflokks. Framsóknarflokkurinn hélt sitt um helgina og gekk vel. Af mikilli snilld tókst að sneiða hjá öllum vandræðamálunum, eins og Íraksstríðinu, innanflokksátökum í Kópavogi, fækkun kvenna í ráðherraálflokkssins og þátttöku í R listasmstarfi. Meira segja tókst að landa ágreiningsefni formanns og varaformanns um það hvort til greina komi að sækja um inngöngu í Evrópusambandið. Eitt orð, hugsanlega, bjargði öllu. Og þá verður manni hugsað til þess að Framsóknarflokkurinn var hér áður fyrri kenndur við já, já og nei, nei stefnu og hvort sem hentaði betur hverju sinni notað.

Forystan var endurkjörin með góðum stuðningi. Kristinn H. Gunnarsson fékk uppreisn og fékk í sinn hlut umtalsverðan fjölda atkvæða, þótt ekki teldi hátt í prósentum. Flokkurinn kemur heill frá þessu þingi sínu. Hörðustu pólitískir brellumeistarar allra stjórnsmálaflokka mættu vera stoltir af að geta klárað sitt jafn vel. Flokksþingið samþykkti kynjakvóta, aldrei minna en 40% og ekki meira en 60% af hvoru kyni í trúnaðarstörfum fyrir Framsóknarflokkinn, nema gagnsæjar og eðlilegar ástæður komi í veg fyrir að svo sé. Það er trútt meginstefnu flokksins að halda öllum leiðum opnum í þessu og öðru.

Þeir framsóknarmenn, karlar og konur, fá hrós fyrir það að móta svokallaða

höfuðborgarstefnu. Hún viðurkennir að Reykjavík sé höfuðborg Íslands, ekki bara Reykjavík og nágrennis eins og æftar verður vart í tali R-listans, sem telur að hún ein skipti máli og sé í raun það Ísland sem einhverju varðar. Flugvöllur í Reykjavík er út í hött ef marka má þá þrjá borgarstjóra sem stýrt hafa samstarfi flokkanna sem mynda R-listann. Nú bregður nýrra við þegar Framsóknarflokkurinn setur samstarfið að veði með því að lýsa því yfir að flugvöllur verði í höfuðborginni og ekkert múður í þeim efnun.

Borgarstjórnin Steinunn þriðja er eitthvað farin að draga í land og útilokar ekki að allir Íslendingar eigi auðveldan aðgang að stjórnsýslu Íslands í Reykjavík. Ljóst má vera að þeir eru margir ættaðir af öðrum stað en Seltjarnarnesinu, sem breiðir nokkuð úr sér, þótt margir telji einungis fremsta oddann sem slíkan í dag. Þeir sem eiga rætur utan Reykjavíkur finna til samstöðu með okkur sem þar búum. Aðgangur að stjórnsýslunni verður að vera góður. Þegar umræðan reis sem hæst fyrir nokkrum árum í tengslum við kosningar um framtíð Reykjavíkurflugvallar setti fyrrverandi sýslumaður á Ísafirði fram þá hugmynd í grein í Morgunblaðinu að flutningi innanlandsflugs til Keflavíkur fylgdi stjórnsýslan. Þáverandi málagn Framsóknarflokksins, einhver útgáfan af Tímanum, mætti því með persónulegum skætingi í hans garð. Nú ber nýrra og bjartara við.



Leikskólinn Sólberg á Ísafirði.

**Pórir Sveinsson, fjármálastjóri Ísafjarðarbæjar**

# Vill bjóða út rekstur mótuneyta leikskóla

Pórir Sveinsson, fjármálastjóri Ísafjarðarbæjar hefur lagt fyrir bæjarráð tillögur um gjörbreytingu á tilhögun mótuneyta leikskóla bæjarins. Á síðasta ári var 11,6 milljóna króna tap af rekstri þeirra þrátt fyrir að innheimt gjöld frá for-

eldrum hafi verið með þeim hæstu á landinu. Tillögur hans hafa ekki verið afgreiddar í bæjarráði. Að undanförmu hefur rekstur mótuneyta í grunnskólum og leikskólum Ísafjarðarbæjar verið til umræðu í skólanefnd Ísafjarðarbæjar

og var Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen ehf., falið að gera úttekt á starfsemi mótuneytanna. Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar á mánudag var lögð fram umsögn fjármálastjóra bæjarins um leikskólahluta áður nefndrar skýrslu

VST hf.

Í umsögninni kemur fram að tekjur sem hlutfall af kostnaði við rekstur mótuneyta leikskóla bæjarins hafi verið um 52,7% á síðasta ári en þær hafi samkvæmt fjárhagsáætlun átt að vera 50,2%. Ættu tekjur að duga fyrir gjöldum þyrfti því að tvöfalda innheimt fæðisgjöld. Þá kemur fram að laun séu 48% kostnaðar, efniskaup séu 36% og annar kostnaður sé 16%. Í heild var tap á rekstri mótuneyta leikskólanna rúmar 11,6 milljónir króna. Eins og fram hefur komið í fréttum hafa leikskólajöld og gjöld fyrir fæði verið hæst og með þeim hæstu á

landinu undanfarið.

Í umsögn fjármálastjórans eru lagðar til nokkrar tillögur um breytingar í rekstri mótuneyta leikskólanna. Lagt er til að eldhúsum í mótuneytum í leikskólum á Ísafirði, sem sjá um heitan mat verði lögð niður í núverandi mynd. Að framleiðsla hádegismatar fyrir börn og starfsmenn í leikskólum á Ísafirði verði boðin út. Að áfram verði boðið uppá hressingu á morgnana og síðdegis og að almennir starfsmenn annist afgreiðslu þess matar. Að pólitísk ákvörðun verði tekin hverju sinni um niðurgreiðslur á gjaldi fyrir hádegismat, morgunhressingu og síð-

degishressingu. Í framhaldi af reynslu af útboði á hádegisverði í leikskólum á Ísafirði verði tekin ákvörðun um útboð eða eigin framleiðslu á fæði í grunnskólum Ísafjarðarbæjar svo og leikskólum á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri. Ákvörðun um fjárfestingu til endurbóta á eldhúsum í grunnskólum og leikskólum verði frestað þar til fyrir liggur reynsla af fyrnefndu útboði.

Bæjarráð tók ekki afstöðu til tillagna fjármálastjóra en sendi VST hf. umsögnina og er fyrirtækinu gefinn kostur á að gera athugasemdir við umsögnina.

– [hj@bb.is](mailto:hj@bb.is)



Ferðapjónustan Grunnavík mun sigla frá Bolungarvík í sumar.

**Ferðapjónustan Grunnavík ehf.**

## Gerir út frá Bolungarvík á komandi sumarvertíð

Ferðapjónustan Grunnavík ehf. mun sigla með ferðamenn á komandi sumri frá Bolungarvík þar sem ekki fékkst að staða í tæka tíð í Ísafjarðarhöfn. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins segir það leitt að fyrirtæki þurfi að flytja starfsemi sína frá Ísafirði vegna seinagangs í bæjarkerfinu. Eins og komið hefur fram í fréttum sótti Ferðapjónustan Grunnavík ehf. fyrir skömmu um hafnaraðstöðu í Ísafjarðarhöfn fyrir farþegabát fyrirtækisins en á undanförmum árum hefur þjónustufyrirtækjum aðstöðu í höfninni. Hafði fyrirtækið í undirbúningi siglingar með ferðamenn frá Ísafirði en það rekur m.a. gistiúthús í Grunnavík. Hafnarstjórn Ísafjarðar-

bæjar féllst ekki á beiðni fyrirtækisins þar sem ekki kom fram hvaða bátur væri ætlaður til rekstursins.

Sótti fyrirtækið þá um hafnaraðstöðu í Bolungarvík og fékk þar jákvæðar undirtektir. Á fundi hafnarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann 11. febrúar var beiðni fyrirtækisins tekin fyrir að nýju. Var bókað á fundinum að fyrirtækinu hefði verið úthluta aðstöðu við harðviðarbruggju í Sundahöfn til athafnastarfsemi. Þá segir í bókun hafnarstjórnar: „Sá hluti umsóknar fyrirtækisins sem snýr að farþegaflutningum kemur einungis til greina hafi viðkomandi bátur farþegaflutningu og mun skoðast með jákvæðum hætti þegar það liggur fyrir.“

Jón Friðrik Jóhannsson, framkvæmdastjóri Ferðapjónustunnar Grunnavík ehf. segir að aðsetur fyrirtækisins verði í Bolungarvík í sumar. „Við urðum að ákveða okkur þar sem við verðum að ákveða aðsetur með löngum fyrirvara vegna útgáfu ferðabæklinga. Við gátum því ekki beðið eftir svörum frá Ísafjarðarhöfn lengur. Það er mjög leitt að þurfa að flytja starfsemi á brott úr bænum vegna seinagangs en okkur hefur verið vel tekið í Bolungarvík þannig að ég er mjög bjartsýnn á sumarið.“

Aðspurður segir Jón Friðrik að bátur fyrirtækisins muni að sjálfsögðu sigla til Ísafjarðar í leiguförum en fastar ferðir verði frá Bolungarvík.

– [hj@bb.is](mailto:hj@bb.is)

**Nýr 18 holu púttvöllur á Torfnesi í sumar?**

## Teikningarnar klárar

Vonir standa til að hafist verði handa við 18 holu púttvöll á Torfnesi á Ísafirði í vor, að sögn Jóns Fannalds Þórðarsonar, formanns Félagsgeldiseldri borgara í Ísafjarðarbæ. „Það var alltaf ætlunin að fá stóran púttvöll sem væri öllum opin. Teikningar af völlum eru tilbúnar en skipta þarf um jarðveg áður

en hægt er að hefjast handa. Við höfum fengið góð orð um að Ísafjarðarbær muni greiða tækja- og efniskostnað en annað yrði gert í sjálfboðaliðavinnu.“ Síðasta sumar stóð Félagsgeldiseldri borgara fyrir því að gerður var púttvöllur við Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði sem naut mikilla vinsælda. Golf-

klúbbur Ísafjarðar sá um framkvæmdina og Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ veitti góðfúslega leyfi til afnota af landinu. „Mikill áhugi er fyrir því að fá stóran völl á Torfnes sem myndi ná að barnaheimilinu og við erum bjartsýn að úr því verði í sumar“, segir Jón Fannald.

– [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is)



## Hafursey ÍS til sölu!

Til sölu er Hafursey ÍS-600, skipaskrárnúmer 1971. Selst með kvóta og öllum fylgihlutum s.s. línu (70 balar) fimm handfærarúllum og fleiru. Upplýsingar í síma 897 6733.



## Stuð á konukvöldi SKG-veitinga

Húsfyllir var á konukvöldi sem SKG veitingar stóðu fyrir á Hótel Ísafirði á laugardagskvöld.

„Kvöldið lukkaðist mjög vel og það var heilmikið stuð en færri komust að en vildu“, segir Anna Sigríður Ólafsdóttir, einn af skipu-

leggjum kvöldsins. Fjölbreytt dagskrá var á kvöldinu og var meðal annars boðið upp á vinkynningu, tiskusýningu og happdrætti. Auk þess komu fram tónlistarmennirnir Halldór Gunnar Pálsson, Sunneva Sigurðar-

dóttir, Vilberg Vilbergsson og Ylfa Mist Helgadóttir.

Veislustjórar voru Guðfinna M. Hreiðarsdóttir og Birna Lárusdóttir. „Þetta var allt mjög grand og ég vil koma á framfæri þaklæti til þeirra fjölmörgu sem lögðu hönd á plóg“,

segir Anna Sigríður. Að dagskrá lokinni héldu fjölmargar konurnar til Bolungarvíkur á fund við menn sína sem voru á kúttmagakvöldi í Víkurbæ. Meðfylgjandi myndir tók Birgir Þór Halldórsson. *—thelma@bb.is*

Veislustjórar voru þær Birna Lárusdóttir og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir.

## Framtíðin er í lit



Gulur, rauður, grænn og blár ...  
... litríka framtíð!

Höfum tekið í notkun háglæða Xerox laser litprentara, sem hentar vel fyrir prentun á plakötum, klappum á útsöluáttum, auglýsingasjónvörum og jömsu öðru sem þarf að prenta í 100% upplagi í fullkomnum gæðum. Þappírsmál getur verið L4, A5, A4, A3, A3+ og allt upp í 320mm x 2200mm. Leitid nánafl upplýsinga í síma 456 4560.



**Sturla Bödvarsson samgönguráðherra skrifar**

# Til fróðleiks fyrir lesendur BB

Tveir ágætir Ísafirðingar sendu mér tóninn í BB fyrir stuttu. Bládamadurinn H.J. sá ekki ástæðu til þess að grennslast fyrir um afstöðu mína til umræddra mála sem er að jafnaði háttur góðra fréttamanna. Ég vel því þann kostinn að senda þessar línur til lesenda BB og óska eftir að fá þær birtar.

**Guðni Geir saknar Djúpsins**

Guðni Geir Jóhannesson bæjarfulltrúi gerði að umræðuefni í viðtali við BB ræðu sem ég flutti á fundi á Patreksfirði þar sem ég gerði grein fyrir afstöðu minni til vegagerðar á Vestfjarðarvegi um Barðaströnd. Í viðtalinu segist Guðni Geir sakna mjög að samgönguráðherra hafi ekki minnst á framkvæmdir í Ísafjarðardjúpi.

Í viðtalinu segir Guðni m.a. „Af fréttum að dæma af fundinum mætti ætla að handan hornsins sé ný leið fyrir íbúa á norðanverðum Vestfjörðum. Því fer hins vegar vís fjarrí að mínu áliti. Það var mótuð stefna af samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga að lokið yrði sem fyrst við leiðina um Djúp með þverun Mjóafjarðar og vegi

um Arnkötludal.“

Í þessu viðtali greinir Guðni Geir ekki frá því að sú hin sama samgöngunefnd Fjórðungssambandsins ályktaði um Vestfjarðaveg og ég veit ekki annað en að um það hafi ríkt sátt að jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar ættu að vera á dagskrá sem næsti jarðgangakostur á Vestfjörðum. Í ræðu minni í Vesturbyggð fjallaði ég ekki sérstaklega um þverun Mjóafjarðar, en hef gert ráð fyrir að sú framkvæmd væri á dagskrá. Mun það skýrast þegar samgönguáætlun verður lögð fram.

Vestfirðingar eru margir áhugasamir um bætta samgöngur eins og sjá má á skrifum í BB um samgöngumál. Því fagna ég sem samgönguráðherra og vænti góðs stuðnings við það mikilsverða verkefni að ljúka framkvæmdum við veginn um Djúp, yfir Arnkötludal og Vestfjarðaveg úr Dýrafirði allt suður að Bjarkarlundi. Með því tryggjum við best sameiginlegt atvinnu- og þjónustuvæði á Vestfjörðum og góða tengingu milli Strandasýslu og Reykhólasveitar og Dalasýslu. Það verða síðan íbúarnir og vegfarendur sem velja sér þá leið sem þeir kjósa helst.

**Úlfar Ágústsson kaupmaður á Ísafirði ræðir um siglingar um Norður Íshafið**

Úlfar Ágústsson kaupmaður á Ísafirði var einnig í viðtali við H.J. Haft er eftir honum að „Greinilega beðið eftir að síðasti maðurinn flytji hédan“. Þessi fyrir sögn er ekki málefnaleg að mínu mati og gefur ekki rétta mynd af ákvörðunum stjórnvalda.

Úlfar Ágústsson kaupmaður á Ísafirði og áhugamaður um siglingar á norðurslóð segir Vestfirði liggja beinast við siglingum skipa af norðurslóð til Ameríku og hagkvæmast verði að byggja umskipunarhöfn slíkra flutninga á Vestfjörðum. Hann segist hafa óskað eftir því við samgönguráðherra að hann hlutaðist til um að Vestfirðingar fengu að koma að starfi nefndar utanríkisráðuneytisins um siglingar á norðurslóðum en ekki fengið neinar undirtektir. Úlfar segir ljóst af vinnu nefndarinnar að í stjórnkerfinu sé beðið eftir því að síðasti Vestfirðingurinn flytji burt.

Ekki veit ég hvernig kaupmaðurinn getur komist að þessari niðurstöðu. Það er

vissulega rétt að hann gekk á minn fund í samgönguráðuneytinu og kynnti hugmyndir sínar um siglingar og siglingadaga, en þó einkum siglingar milli Íslands og Grænlands. Sú nefnd, sem hann vitnar til, var skipuð af fyrrverandi utanríkisráðherra. Í nefndinni sátu fulltrúar samgönguráðuneytis, umhverfisráðuneytis, utanríkisráðuneytis, Eimskips-, Samskipa-, Veðurstofu Íslands, Skipulags-, arkitekta- og verkfræðistofunnar ehf, Siglingakúreyri, en formaður starfshópsins var Gunnar Pálsson, sendiherra.

Einstakir landshlutar, áhugamenn um siglingar eða sveitarfélög áttu þar ekki sérstaka fulltrúa. Engar ákvarðanir hafa raunar verið teknar um það hvaða hafnir verða fyrir valinu sem þjónustuhafnir, komi til þess að siglingar opnast um svokallaða norður-Íshafsleið, sem gæti tengt Evrópu og Ameríku við Kyrrahafið með siglingum um Norður Íshafið með umskipunarhöfn á Íslandi. Það er í fyllsta máta ótímabært að gefa slíkar yfirlýsingar um afstöðu ríkisstjórnar eða einstakra ráðherra

til þess hvort Vestfirðir geti orðið fyrir valinu sem landshluti fyrir umskipunarhöfn verði af siglingum þessa leið, sem ég vona svo sannarlega að verði.

Það eina sem liggur fyrir er skýrsla nefndarinnar þar sem kostir eru kynntir. Við Íslendingar munum væntanlega ekki ráða úrslitum um framvindu þessara hugmynda. Við eigum hins vegar að kynna kosti hafna okkar sem umskipunarhafna. Það mun síðan væntanlega koma í hlut samgönguráðherra að móta stefnuna um uppbyggingu slíkra hafnarmannvirkja sem þarf ef til þess kemur að þessar siglingar verði að veruleika. Það verður hins vegar að gerast í samráði við viðkomandi hafnarstjórnir sem beri síðan ábyrgð á rekstri hafnanna. Munu þær væntanlega þurfa að setja upp trúverðuga viðskiptaáætlun um slíkar fjárfestingar sem þarf bæði í hafnarmannvirkjum og gáma-völlum í hektara vís er gætu tekið við umskipunargámum og þeim varningi sem leggja þyrfti á land í umskipunarhöfn. Við slík áform þarf mikla fyrirhyggju og marga ábyrgðaraðila sem ættu hagsmuna að gæta



í starfsemi. Að þeim kafla er ekki komið. Ég hvet lesendur BB til þess að kynna sér umrædda skýrslu sem er mjög vönduð og gefur góða mynd af þessu risavaxna verkefni sem er til skoðunar. Í það verður ekki ráðist á næstu mánuðum. Hins vegar ættu hafnarstjórnir að kynna sér þá möguleika sem í þessu geta falist.

Að lokum vil ég segja að það er mjög svo virðingavert hversu mikinn áhuga Úlfar hefur sýnt þessu máli og vona ég að hann haldi áfram að vekja athygli á málinu. Hann er velkominn í samgönguráðuneytið til þess að fá allar þær upplýsingar sem þar er hægt að veita honum. Sérfræðingar Siglingastofnunar og samgönguráðuneytisins í siglingamálum munu halda áfram að fylgjast með því sem er að gerast í rannsóknunum á þessari merkilegu siglingaleið fram-tíðarinnar.

– Sturla Bödvarsson.



Súðavík.

**Byggðakvóti Súðavíkurhrepps**

## Níu bátar fá úthlutun

Sveitarstjórn Súðavíkur hefur gert tillögu um skiptingu 150 tonna byggðakvóta sem sveitarfélagið fékk úthlutað fyrir skömmu. Alls skiptist kvótinn á níu báta en tíu sóttu um úthlutun en einn bátur þótti ekki uppfylla þær reglur sem settar voru fyrir úthlutun. Í reglunum var m.a. kveðið á um að aflanum yrði landað til vinnslu í Súðavík og að bátarnir legðu til jafn mikinn kvóta og þeir fengu úthlutað.

Þeir sem fengu úthlutað voru Adda ÍS-519 sem fær úthlutað 16 tonnum, Fengsæll ÍS-83 fær 25 tonn, Ella ÍS-119 fær 14 tonn, Kofri ÍS-41 fær 8 tonn, Gugga ÍS-63 fær 15 tonn, Snæbjörg ÍS-43 fær 23 tonn, Háborg ÍS-24 fær 14 tonn, Trausti ÍS-111 fær 21 tonn og Pési halti ÍS-64 fær 15 tonn.

Ómar Már Jónsson sveitarstjóri segir að þrátt fyrir að sveitarstjórn Súðavíkurhrepps hafi samþykkt úthlutunina þurfi endanlegt samþykki sjávarútvegssráðuneytisins fyrir henni og það muni vonandi liggja fyrir næstu daga. Hann segist vonast til þess að þessi úthlutun styrki verulega fiskvinnslu í sveitarfélaginu eins og ætlan sveitarstjórnar hafi verið með setningu reglnanna.

Á síðasta fiskveiðitári varð vart óánægju með úthlutun byggðakvóta í Súðavík og urðu töluverð eftirmál af þeirri úthlutun. Ómar Már segist vonast til þess að betri sátt náist um úthlutunina nú.

– hj@bb.is

**Fasteignasala**  
Tryggvi Guðmundsson hdl.  
www.tg.is

**TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL**  
Hafnarstræti 1, Ísafirði  
Sími: 456 3244  
Fax: 456 4547  
Netfang: algin@tg.is  
Heimasíða: www.tg.is

**Einbýlishúsverðhúsi:**

**Seljalandsvegur 56:** 196 m<sup>2</sup> einb.h. með bílgeymslu á góðum stað í þenzum. Verð 14,9 m.kr.

**Hjallavegur 21:** Stórt og glesilegt einbýlishús í tveimur hæðum með innbyggðri tvöfaldri bílgeymslu. Fallegt útsýni. Verð 16,6 m.kr.

**Sundstræti 39:** 227,2 m<sup>2</sup> einbýlishús á 2 hæðum ásamt kjallara og nýjum bílskúr. Mikil uppgerð. Verð 12,0 m.kr.

**Bakkavegur 3, Hmfsdal:** 182 m<sup>2</sup> steinsteypt einbýlishús með bílskúr. Verð 5,2 m.kr.

**4-6 herbergja íbúðir:**

**Túngata 20:** 89 m<sup>2</sup> íbúð á 3.hæð ásamt geymslu í fjölbýlishúsi. Verð 8,0 m.kr.

**Hlíðarvegur 29:** 86 m<sup>2</sup> neðri sérhæð í tvíbýlishúsi, 3 svefnherbergi. Verð 8,0 m.kr.

**Vegna mikillar sölu vantar einbýlishús og raðhús á söluskrá!**

**Adalstræti 26a:** 108 m<sup>2</sup> 4ra herb. íbúð á tveimur hæðum í miðbænum. Verð 5,9 m.kr.

**Síðholt 13:** 103 m<sup>2</sup> fjögurra herbergja íbúð á 3.hæð ásamt 21 m<sup>2</sup> bílskúr og geymslu. Tilboð óskast

**Fjarðarstræti 32a:** 113 m<sup>2</sup> 5 herbergja íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt bílgeymslu. Tilboð óskast

**Þja herbergja íbúðir:**

**Síðholt 9:** 80 m<sup>2</sup> íbúð á 3.hæð fyrir miðju í snyrtilegu fjölbýlishúsi. Skoða öll tilboð. Verð 4,3 m.kr.

**Síðholt 13:** 79,2 m<sup>2</sup> íbúð á 3u h. tí hægr í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Mögul. að takabíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. Verð 5,0 m.kr.

**Þja herbergja íbúðir:**

**Sundstræti 34:** nýleg 2ja herbergja íbúð með séríngang á jörðhæð í nýuppgerðu fjölbýlishúsi. Verð 5,9 m.kr.

**Þólgata 4:** 76 m<sup>2</sup> íbúð á jörð. í fjölbýlishúsi Verð 2,7 m.kr.

**Atvinnuhúsnæði:**

**Þái Kson:** 63 m<sup>2</sup> nýtt verslunarhúsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innviðum, teglumog áhildum Til sblu eða leigu. Tilboð óskast

**Nuddslofa:**

**Sólbaðstofa til sölu, leigugæðastæða í kjallara að Túngötu 3,**

**Ísafirði. Ýmsir fylgihlutir s.s. tvö stratatæki. Turbo ljósa bekkur o.fl. Tilboð óskast**

**Nýjar íbúðir við Skógarbraut:**

**Alar íbúðir skilast fullnulaðar ángóttetu og innréttinga. Hægt er að kaupa 38m<sup>2</sup> bílgeymslu með íbúð. Verð 2,5 m.kr.**

**Skógarbraut 3 - íbúð 101:** 127,7 m<sup>2</sup> 3ja herb. íbúð með séríngangi á n.h. Verð 10,3 m.kr.

**Skógarbraut 3 - íbúð 102:** 93 m<sup>2</sup> 2ja herb. íbúð með séríngang á neðri hæð. Verð 8,5 m.kr.

**Skógarbraut 3 - íbúð 201:** 151,8 m<sup>2</sup> 4ja herb. íbúð með geymslu/baðstofulofni á efri hæð. Verð 10,7 m.kr.

**Skógarbraut 3A- íbúð 103:** 133 m<sup>2</sup> stór 3ja herb. íbúð á neðri hæð í fjörb. Verð 10,5 m.kr.

**Skógarbraut 3A- íbúð 104:** 114,8 m<sup>2</sup> 3ja herb. íbúð á neðri hæð með saunaklefa og séríngangi Verð 9,5 m.kr.

**Skógarbraut 3A- íbúð 203:** 153,5 m<sup>2</sup> 4ra herb. íbúð á efri h. með baðs. lofti. Verð 11,5 m.kr.

Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is

## Öryggissvæði við Ísafjarðarflugvöll

## Lægsta tilboð 44% af kostnaðaráætlun

Flugmálastjórn hefur ákveðið að taka tilboði Fyllingar ehf. í gerð öryggissvæða við Ísafjarðarflugvöll. Tilboðið var að upphæð tæpar 54 milljónir króna og er einungis rúm 44% af kostnaðaráætlun sem var að upphæð rúmar 121 milljón króna. Þrjú önnur til-

boð bárust í verkið.

KNH ehf. bauð rúmar 56 milljónir króna, Úlfar ehf. bauð tæpar 87 milljónir króna og Borgarverk ehf. bauð tæpar 135 milljónir króna. Hæsta tilboðið er því um 150% hærra en það lægsta. Framkvæmdir eiga að hefjast í apríl og vera

lokið í lok nóvember. Að sögn Heimis Péturssonar upplýsingafulltrúa Flugmálastjórnar er ekki reiknað með að framkvæmdir hafi áhrif á flugumferð um völlinn. Efni til framkvæmdanna verða aflað í Kirkjubólshlíð með gerð reiðvegur um hlíðina. – [hj@bb.is](mailto:hj@bb.is)



Ísafjarðarflugvöllur.

## Tekjutenging gjalda fyrir heimaþjónustu í undirbúningi hjá Ísafjarðarbæ

## Óttast að tekjutengingin eigi eftir að auka álög á aldraða og öryrkja

Í undirbúningi er að tekjutengja gjöld þeirra er njóta heimaþjónustu Ísafjarðarbæjar. Forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu segir það gert til þess að lækka kostnað þeirra er minnst bera úr bótum. Formaður Félags aldraða í Ísafjarðarbæ óttast að með tekjutengingu eigi að auka álögur á aldraða og öryrkja. Hann segir fjárhagsvanda bæjarins ekki verða leystan með því að auka álögur á 95 ára konu sem fái heimilishjálp í 30 mínútur á viku. Fyrir nokkru síðan sendi Skúli S. Ólafsson forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar bréf til allra einstaklinga er kaupa þjónustu af heimaþjónustu Ísafjarðarbæjar. Í bréfinu er óskað eftir upplýsingum úr skattskýrslu viðkomandi.

Í bréfinu segir m.a.: „Stöðugt er unnið að því að gera heimaþjónustuna skilvirkari og finna það fyrirkomulag sem hentar hvað best þeim sem hlut eiga að máli. Til þess að slíkt sé unnt er brýnt að finna þær forsendur sem eiga að búa að baki þeim kostnaði sem þjónustubeginn sjálfur leggur af mörkum. Í samræmi við það verður nýjum þjónustubegum héðan í frá gert að skila inn upplýsingum úr skattskýrslu.

Þess vegna er leitað til þín, ágæti þjónustubegi. Þess er farið á leit að þú undirritir meðfylgjandi beiðni sem veitir Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar aðgang að skattskýrslu þinni til upplýsinga sem svo verða lagðar til grundvallar mati á kostnaði vegna þjónustunnar.“

Skúli segir að í undirbúningi sé að tekjutengja félagslega heimaþjónustu og til þess þurfi upplýsingar úr skattskýrslum viðkomandi. Þessi þjónusta stendur til boða öldruðum og öryrkjum sem þurfa á aðstoð að halda í ákveðnum störfum á heimilum sínum. Aðspurður hvers vegna tekjutengja þurfi þessa þjónustu segir Skúli að þessi þjónusta sé niðurgreidd af bæjarfélaginu og því sé ekki óeðlilegt að hún sé tekjutengd með það að markmiði að þeir sem háar tekjur hafa greiði meira og þeir sem lágur eða engar tekjur hafi greiði minna. Hann segir ekki ákveðið hvern umrædd tekjutenging taki gildi. Það ráðist að nokkru hvernig gangi að afla þeirra upplýsinga sem þörf er á í þessu sambandi.

Hann telur bæjaryfirvöld ekki ganga of langt í öflun persónuupplýsinga um fólk. Til þess að tekjutengja gjöld fyrir veitta þjónustu þurfi að



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

liggja fyrir ákveðnar tekjuupplýsingar og slíkt sé gert í fleiri tilfellum. Aðspurður hvort búast megi við frekari tekjutengingum í niðurgreiddri þjónustu bæjarins svo sem í leikskólajöndum segir Skúli enga ákvörðun hafa verið tekn um það mál. Nú sé aðeins verið að vinna að tekjutengingu heimaþjónustunnar. Skúli treysti sér ekki til að upplýsa hversu stórt hlutfall tekjur eru af útgjöldum heimaþjónustunnar.

Jón Fanndal Þórðarson for-

maður Félags aldraða í Ísafjarðarbæ segist hafa fengið sterk viðbrögð frá þeim sem fengið hafa þetta bréf og fólki finnst að þarna sé verið að ganga skrefi of langt í tekjutengingum. „Ég veit satt að segja ekki hvert þessi bæjarstjórn stefnir í gjaldtöku sinni af öldruðum og öryrkjum. Það er nýbúið að hækka stórlega ýmsar álögur á þennan hóp. Ég er alfarið á móti tekjutengingum yfir höfuð. Það eiga allir að vera jafnir fyrir þjónustu samfélagsins hverjar svo

sem tekjur þeirra eru. Ég held að fjárhagsvandi sveitarfélagsins verði ekki leystur með því að leggja meiri álögur á 95 ára gamla konu sem dvelur heima hjá sér og fær heimilishjálp í 30 mínútur á viku. Ég held að aðrir póstar séu nærtækari. Því miður er það einnig svo að ég hef enga trú á því að tekjutenging lækki kostnað einhverra. Ég er sannfærður um að þetta er gert til þess að auka álögurnar og það er mjög alvarlegt mál.“

Aðspurður hvort Félag aldr-

aðra í Ísafjarðarbæ muni beita sér í málinu segir Jón að hann muni ræða málið á næsta stjórnarfundum félagsins og þar verði næstu skref í málinu rædd. „Ég er eiginlega orðlaus yfir því sem gerst hefur á undanförunum mánuðum í málum aldraða og öryrkja. Á stuttum tíma hefur verið lagðar stórtenging lækki kostnað einhverra. Ég er sannfærður um að þetta er gert til þess að auka álögurnar og það er mjög alvarlegt mál.“

– [hj@bb.is](mailto:hj@bb.is)



## Rokksúpa í Edinborg

Nemendafélag Menntaskólans á Ísafirði bauð bæjarbúum upp á rokksúpu í Edinborgarhúsinu á Ísafirði að kvöldi laugardags. Fram komu sveitirnar Lack of talent, The nine elvens og Botnleðja. Til stóð að rokksveitin Brain police myndi leika á tónleikunum en meðlimir hennar boðuðu forföll og voru Botnleðjumenn fengnir í þeirra stað. Meðfylgjandi myndir á tónleikunum tók Þorsteinn J. Tómasson.







# Kúttmagakvöld lionsmanna

Kúttmagakvöld lionsklubbanna í Bolungarvík, á Ísafirði og á Flateyri fór fram í félagsheimilinu í Bolungarvík á laugardagskvöld. Að vanda voru þar eingöngu karlmenn saman komnir og ræddu þeir reynsluheim karla og framtíð hins svokallaða

sterkara kyns. Matreiðslumeistarar SKG-veitinga á Ísafirði reiddu fram tugi sjávarrétta sem gerð voru góð skil. Þetta er í fyrsta skipti sem lionsklúbbarnir sameinast um kúttmagakvöld og tókst það vel. Veislustjóri var Halldór Jónsson. Að kúttmaga-

kvöldinu loknu var haldinn dansleikur þar sem hljómsveitin Gabríel lék fyrir dansi. Höfðu þá eigin konur bæst í hópinn og stóð dansleikurinn fram eftir nóttu. Ljósmyndari blaðsins kom við á kúttmagakvöldinu og tók þar meðfylgjandi myndir.




Góð ávöxtun vegur þungt  
- og þar erum við á toppnum!

## ÁVÖXTUN ÁRÍÐ 2004

Hlutabréfasjóður IV	56,4%
Verðbréf 1 - Ríkisskuldabréf	15,3%
Verðbréf 2 - Skuldabréf	11,2%
Verðbréf 3 - Peningamarkaður	6,9%
Verðbréf 5 - Heimasjóður	14,1%

Spá Íslensku verðbréfa - Ágúst 2004  
© 2004 Íslensku verðbréfa hf. - Sími 460-4724  
Eignastýring er okkar fag!  
Íslensku verðbréfa hf. er hluti af Sparisjóði Vestfirðinga.

Ráðgjafi frá Íslenskum verðbréfum hf. verður í Sparisjóði Vestfirðinga 14. mars.  
Nánari upplýsingar veitir Valdimar í síma 460-4724.



ISLENSK VERÐBRÉF  
EIGNASTYRING ER OKKAR FAG!

# mannlífíð

Ábendingar um efni sendist  
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu  
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn  
2. mars, 61. dagur ársins 2005

**Pennan dag** árið 1940 réðst þýsk herflugvél að togaranum Skutli frá Ísafirði þegar hann var á siglingu við Bretland. Þetta var fyrsta árásin sem íslenskt skip varð fyrir í síðari heimsstyrjöldinni.

**Pennan dag** árið 1956 hrapaði bandarísk herflutningavél með 17 mönnum í sjóinn djúpt út af Reykjanesi. Enginn komst lífs af.

**Pennan dag** árið 1957 var heilsuverndarstöðin í Reykjavík vígð. Bygging hennar tók sjö ár og fyrsta deildin tók til starfa árið 1953.

**Pennan dag** árið 1982 hóf Bíóhöllin í Reykjavík starfsemi. Hún rúmaði 1.040 manns í sæti í sex söllum.

Heimild: *Dagar Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.*

## ● Á þessum degi fyrir 33 árum



## Skip í árekstri

„Árekstur varð um 14 sjómílur NNV af Vestmannaeyjum í fyrrinótt er bátarnir Frigg VE 316 og Halkion VE 205 rákust á. Halkion er stálskip, en Frigg eikarskip og brotnaði stjórnborðsskinningur Friggjar niður fyrir sjólinu. Gekkt stefni Halkions inn í lúkar, þar sem þrír menn sváfu, en svo heppilega vildi til að þeir lágu fjarst þeim stað í lúkarnum, sem Halkion kom á Frigg.“

Lóðsinn í Vestmannaeyjum fór út til skipanna með tvo kafara og tókst þeim að gera svo við Frigg, að draga mátti hana til hafnar. Samkvæmt upplýsingum bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, Freymóðs Þorsteinssonar munu sjópróf út af árekstri þessum hefjast í dag.“

## ● Helgarveðrið

### Horfur á föstudag:

Vestan- og suðvestanátt, víða 8-13 m/s og súld eða rigning, en bjart veður austanlands. Hiti 5-10 stig.

### Horfur á laugardag:

Vestan- og suðvestanátt, víða 8-13 m/s og súld eða rigning, en bjart veður austanlands. Hiti 5-10 stig.

### Horfur á sunnudag:

Stíft sunnanátt og rigning eða súld, en bjartviðri norðaustanlands. Áfram hlýtt í veðri.

### Horfur á mánudag:

Stíft sunnanátt og rigning eða súld, en bjartviðri norðaustanlands. Áfram hlýtt í veðri.

## ● Spurning vikunnar

Ertu fylgjandi sameiningu orkufyrirtækja í ríkiseign?

Alls svörðuðu 504. – Já sögðu 51 eða 11% – Nei sögðu 419 eða 83% – Hlutlausir voru 31 eða 6%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

## ● Hvað er að fréttá? • Óðinn Gestsson, framkvæmdastjóri fiskvinnslunnar Íslandssögu á Suðureyri

## Séð til sólar og gæftir ágætar

„Héðan frá Suðureyri er allt gott að fréttá og mikið að gerast. Bátar hafa mikið farið að róa. Gæftir eru ágætar og mikið að gerast í fiskvinnslunni. Janúar var frekar slappur og mikið um brælu en febrúar er mun betri.“

Mannlífíð er gott og góublótið afstaðið. Það gekk

alveg ljómandi vel, þar fæddust nýjar leikstjörnur og allir skemmtu sér vel.

Við erum búin að sjá til sólar en það var um 20. febrúar. Nú biðum við spennnt eftir sólaráfinni hjá kvenfélaginu. Það hlýtur að fara að breyta á.

Við höfum líka eignast fulltrúa í söngkeppni félags-

miðstöðvanna í fyrsta sinn að ég held. Það er hún Ey-rún Arnardóttir sem sigraði í undankeppninni sem haldin var á Ísafirði fyrir stuttu.

Mikill kraftur er í byggingu íþróttahússins. Byggingin þýtur upp og maður sér breytingar á hverjum degi. Það er því margt spennandi að gerast.“



## Fagurskorin verk úr tré

Birgir Jónsson matreiðslumeistari á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði á sér skemmtilegt áhugamál. Hann sker út í tré og getur núorðið dregið fram höfrunga, dreka og nánast hvað sem er á auðan við.

„Ég er bara að skera út fyrir mig og miðað við meistara eins og Jakob Magnússon og Stefán H. Erlingsson er ég bara viðvanningur. Ég byrjaði á þessu árið 2000 þegar ég fór á námskeið hjá Jakobi í Bolungarvík. Í lok námskeiðsins fengum við verkefni til að vinna heima. Ég valdi mér flókið og ógrandi verkefni en Jakob var aði mig við að svo fær yrði maður ekki fyrir en eftir nokkur ár. Ég var þrjúskur og tók að mér verkefnið. Ég lauk því og nú hangir það upp á vegg hjá mér en ég var ansi lengi að því.“

Það er hægt að byrja á þessu áhugamáli bara með örfáum járnnum en eftir því betri sem maður verður og fer að gera flóknari verk þarf maður finni járn. Maður dregur upp mynd á viðinn og sker hana svo út. Það er virkilega gaman að þessu“, segir Birgir.


Hann hefur gert fjölda fagurskorinna verka sem sjá má heima hjá honum en einnig hefur hann gert jóla- og tækifæringsgjafir handa sínum nánustu. Til dæmis gaf hann systkinum sínum gestabók, á kápu

bókarinnar hafði hann skorið út húsið sem þau systkinin ólust upp í á Siglufirði ásamt kennileitum staðarins.

### Horfi á fuglana og sker út

„Ég fór á námskeið til Stefáns Hauks Erlingssonar tréskurðarmeistara í Mosfellsbæ. Þar var hann að kenna mörgum öldruðum sem voru hættir að vinna og félagskapurinn gaf fólkinu svo mikið. Mér fannst að þetta væri tilvalið fyrir dvalarheimilið Hlíf því að þar er aðstaða fyrir svona. Ég fékk Stefán til að koma vestur og halda námskeið. Þar var um tugur þátttakenda bæði konur og karlar. Konurnar voru ansi flinkar en ég vildi ná meira til karlanna því þeim er hættara við að sitja auðum höndum þegar þeir eru hættir að vinna. Oft hafa þeir unnið mikið og ekki átt neitt tómstundagaman áður. Nokkrir þeirra urðu þó mjög góðir eftir smá tíma.“

Birgir hefur þó þurft að komast yfir nokkrar hindranir



### Birgir hefur gert fjölda fállegra verka. Þetta verk valdi hann sér að loknu fyrsta námskeiðs síns.


en þurfti að ná tókum á teikningu. „Ég átti í erfiðleikum með að ná teikningunum alveg rétt. Ég fór því á teikninámskeið hjá Péttri Guðmundssyni. Þá voru allir að teikna naktar konur og slíkt á meðan ég teiknaði lauf. Það vakti mikinn hlátur viðstaddra en Pétur skildi tilgang minn. Ég var bara að læra að teikna til ná betur verki sem ég var að vinna

að. Það þarf ekki svo mikið til þess að byrja að skera og maður fíkrar sig bara áfram. Maður getur setur við þetta við eldhúsboðrið hjá sér þess vegna, eina sem er nauðsynlegt er gott ljós. Ég á núna gott borð til að vinna við út við glugga og mjög gaman er að sitja horfa á fuglana og á meðan ég sker út í tré“, segir Birgir.

● Uppáhalds staðurinn • Albertína Elíasdóttir, nemi á Ísafirði

## Hesteyri er besti staður í heimi

„Hornstrandirnar og þá sérstaklega Hesteyri er besti staður í heimi. Það er æðislegt að fara þangað og hlaða rafhlöðurnar. Maður verður einn með náttúrunni. Þangað hef ég farið á hverju sumri frá því að ég fæddist og reyni að fara eins oft og ég get. Góður staður til að vera á hvort



sem maður er leiður eða glaður.

Ég hef ferðast út um allan heim og hef enn ekki fundið stað sem jafnast á við Hornstrandir. Engan sem er jafn ósnortinn af menningu manna. Ég hef farið með marga gesti þangað og þeir verða allir jafn gapandi yfir feegurð staðarins.“



● Vestfirskar þjóðsögur • Gísli Hjartarson

## Þeir sem guðirnir elska

• Séra Sigurður heitinn Kristjánsson frá Skerðingsstöðum í Reykhólasveit var um margna áratuga skeið sóknarprestur á Ísafirði. Einnig var séra Sigurður prófastur langa hríð. Sigurður var góðgjarn, hjartahlyr og vænn sómamaður og vinsæll af Ísfirðingum.

• Eitt sinn var séra Sigurður fenginn til að flytja ávarp í hinu landsþekktu Hlífarsamsæti. Það er árleg skemmtun sem Kvenfélagið Hlíf á Ísafirði hefur haldið ár hvert að minnsta kosti í hálfá öld fyrir eldri borgara í bænum.

• Séra Sigurður, sem var mjög virðulegur, stór maður og þrekinn, sté í ræðustól. Hann leit yfir gamla fólkíð í salnum og hóf ræðu sína á þessum orðum: Þeir sem guðirnir elska deyja ungir...

# Rúm tuttugu ár frá heimsmeti Sléttaness í Grimsby í Englandi

Rúm tuttugu ár eru liðin frá því togarinn Sléttanes frá Þingeyri setti heimsmet í Grimsby í Englandi. Þann 5. desember 1984 seldi Sléttanes einn togarafarm af fiski fyrir 144,501 sterlingspund sem þá var hæsta verð sem hafði fengið í heiminum fyrir einn slíkan farm af ísfiski. Við það tilefni var birt frétt um atburðinn í blaðinu Grimsby Evening Telegraph. Hér birtum við hluta þeirrar greinar.

### Fyrsta heimsókn og heimsmet

Nýtt heimsmet var sett í Grimsby í dag þegar íslenskur skipstjóri á togara kom í sína fyrstu heimsókn með skip sitt og þénaði meira en nokkurt annað skip hafði gert. Hið fall-ega rauða og hvíta Sléttanes landaði 2,547 tonn af gæðafiski að aflaverðmæti 144,501 pund og bætti heimsmetið um 104 pund.

Hinn hógværi skipstjóri Vilhelm Annasson brosti einfaldlega og sagði: „Ég er frekar ánægður í dag.“



**Vilhelm Annasson, skipstjóri á Sléttanesinu veifar hér kampavinsflösku í tilefni heimsnetsins. Myndin birtist í dagblaði sem gefið er út í Grimsby á Englandi.**

Margir af 15 manna áhöfninni að versluðu í Grimsby, meðan aðrir voru enn að jafna sig eftir að hafa fagnað síðustu

nótt af tilefni af gleðifréttum dagsins. [...]

### Þægindi



**Skuttogarinn Sléttanes.**

Sléttanes var smíðað á Íslandi og er í eigu Fáfnis á Þingeyri á vesturhluta landsins. Skipið kostaði um 4.500 pund þegar það var nýtt og er það stolt íslenska flotans.

Gestir eru vinsamlegast beðnir um að fara úr skónum er þeir koma um borð skipsins sem hefur marga eiginleika og þægindi skemmtiferðaskips.

Hr. Pétur Björnsson sagði: „Áhöfnin lítur á skipið sem heimili sitt. Þess vegna fara

þeir ávallt úr skónum og biðja gesti um að gera það líka. Þeir vilja halda skipinu þrífalegu.“

Flestir skipverjarnir eru með sína eigin káetu og geta slakað á í sauna klefa eða horft á myndbönd í þægilegri setustofu.

Eldhúsið er fullboðlegt mörgum veitingahúsum, og skipverjar hafa jafnvel aðstöðu til að þurrka hanskana sína!

● Brennslan mín • Ellert Örn Erlingsson, skólustjóri Grunnskólans á Þingeyri

## Fæ gæsa húð að heyra „bítið“

Hér er toppurinn af ísjaknum, topp tíu lögin mín. Segja má að þessi listi sé þverskurðurinn af þeirri tónlist sem ég hlusta á, sem er nánast allt! Eftirtalin lög eru allt bestu lög fyrr og síðar í sínum flokki.

### 1. Bille Jean – Michael Jackson

Ég og unnusta mín vorum að kynna þegar ég hlustaði hvað mest á þetta lag (2000). Því tengi ég óneitanlega saman þetta lag og þann tíma er við vorum að byrja að rugla saman reitum. Þar fyrir utan er þetta stórkostlegt lag, samið og flutt af besta tónlistarmanni fyrr og síðar, Michael Jackson. Takturinn og lagið á engan sér líkan, fæ gæsa húð á að heyra „bítið“ og langar að taka stúning (líkt og M.J.) í hvert skipti þegar ég heyrir lagið.

### 2. Sandstorm – Darude

Þetta lag er eins og óbeislað afl sem ég næ að hemja og nýta orkuna til að dansa eða til að komast í rétt ástand fyrir keppni og/eda æfingu. Ekki spillir fyrir hvað textinn er einfaldur.

### 3. Wild Boys – Duran Duran

Ákvað að gerast Duran Duran aðdái 1984 þegar ég sá myndbandið við þetta lag, keypti mér hljóðsnælduna Arena (á hana ennþá) og hlustaði á hana fram og til baka, þar stendur Wild Boys enn uppúr sem besta lag Duran Duran fyrr og síðar. Minnir mig líka á hvað Duran Duran var og er miklu betri hljóm-sveit en Wham!

### 4. Sódóma – Sálín

Þetta lag vekur upp óendan-

lega margar minningar frá námsárunum á Laugarvatni! Eitt mest spilaða lagið, fyrr og síðar, á Skemmtistaðnum og gistiheimilinu Meyjunni á Laugarvatni.

### 5. One – U2

Unnustan og synir mínir koma fyrst upp í hugann og svo hugarflug um lífið og tilveruna og hvað lífið er yndislegt þegar ég heyrir þetta lag. (Þetta kann að hljóma væmið en svona er þetta).

### 6. Sandalar – Laddi

Laddi kemur mér alltaf í Spánarskap með þessu lagi. Textinn í lagiinu er frábær og lýsir vel ljúfa lífinu á Spáni. Ég er ekki frá því að ég fái smá lit við að hlusta á þetta lag!

### 7. Extreme ways – Moby

Það er bara eitthvað við byrjunina á þessu lagi (og reyndar

allt lagið) sem ég er ótrúlega hrifinn af! Lagið er úr myndinni The Bourne Identity og ég kemst í hasar- og spennu-„filing“ í anda myndarinnar þegar þetta lag er á fóninum!

### 8. Grandi Vogar ii – Soma

Sumarsmellurinn frá 1997 með Soma reyndist vera „one hitt wonder“! Gott, rokkað lag sem mér hef líkað vel við frá upphafi, kannski í samúðarskyni við Mumma söngvara en við unnum saman á þessu tímabili. Textinn við lagið er beinskeittur og má nota við ýmis tækifæri!

### 9. Tragedy – Bee Gees

Stórkostlegur söngur við flott lag frá topp hljómsveit! Ég kemst í diskóstuð og það er fyrir sakir Bee Gees og Tragedy sem ég hefði viljað upplifa diskótímabilið!



**Ellert Örn Erlingsson.**

### 10. Baile Me – Gipsy Kings

Ég kemst til Spánar við að heyra í Baile Me og Gipsy Kings! Maður heyrði ósjaldan í Gipsy Kings þegar ég var í sumarleyfi á Spáni (1982-1995)! Sé fyrir mér sólina, sandinn og stemmninguna!!! ... viva Espana!

● Sportlög í beinni

### SkjáEinn:

• **Laugardagur 5. mars:**  
**Kl. 12:45** – Enski boltinn: Aston Villa – Middlesbr.  
**Kl. 15:00** – Enski boltinn: Newcastle – Liverpool.  
**Kl. 17:15** – Enski boltinn: Norwich – Chelsea.

• **Sunnudagur 6. mars:**  
**Kl. 12:00** – Enski boltinn: WBA – Birmingham.  
**Kl. 16:05** – Enski boltinn: Everton – Blackburn.

• **Mánudagur 7. mars:**  
**Kl. 22:40** – Enski boltinn: Man. City – Bolton.

### Sýn:

• **Laugardagur 5. mars:**  
**Kl. 14:00** – Meistaradeild: Lemgo – Celje.  
**Kl. 18:50** – Spænski boltinn: Leikur óákveðinn.  
**Kl. 20:50** – Spænski boltinn: Leikur óákveðinn.

• **Sunnudagur 6. mars:**  
**Kl. 20:30** – NBA boltinn: Sacramento – Detroit

### Canal+ Norge:

• **Laugardagur 5. mars:**  
**Kl. 12:45** – Enski boltinn: Aston Villa – Middlesbr.  
**Kl. 15:00** – Enski boltinn: Crystal Palace – Man. Utd  
**Kl. 19:25** – Ítalski boltinn: Roma – Juventus.

• **Sunnudagur 6. mars:**  
**Kl. 14:00** – Ítalski boltinn: Inter Milan – Lecce.  
**Kl. 19:25** – Ítalski boltinn: Livorno – Palermo.

• **Mánudagur 7. mars:**  
**Kl. 19:55** – Enski boltinn: Man. City – Bolton.

### Canal+ Sport:

• **Föstudagur 4. mars:**  
**Kl. 01:15** – NBA boltinn: Miami – Sacramento

• **Laugardagur 5. mars:**  
**Kl. 15:00** – Enski boltinn: Newcastle – Liverpool.  
**Kl. 17:10** – Enski boltinn: Norwich – Chelsea.  
**Kl. 19:10** – Enski boltinn: Southampton – Tottenham  
**Kl. 21:00** – Enski boltinn: Fulham – Charlton Athl.

• **Sunnudagur 6. mars:**  
**Kl. 11:55** – Enski boltinn: WBA – Birmingham.  
**Kl. 13:55** – Ítalski boltinn: Messina – Lazio  
**Kl. 16:00** – Enski boltinn: Everton – Blackburn.



## Ók á hús og ljósastaur

Ökumaður lítills fólksbíls, sem leið átti um Fjarðarstræti á Ísafirði á föstudag, missti stjórn á honum með þeim afleiðingum að bíllinn lenti á húsi við götuna og síðan á ljósastaur skammt frá.

Sem betur fer var engin umferð gangandi fólks á gangbraut götunnar. Ökumanninn, sem var í bílbelti, sakaði ekki en bifreiðin skemmdist hins vegar töluvert. Einnig urðu skemmdir á íbúðarhúsinu. – *hj@bb.is*

## Bolungarvík

### Stærri íbúðir í Árborg

Húsnæðisnefnd Bolungarvíkur hefur lagt til að heimiluhúð verði stækkun íbúða í Árborg íbúðum aldráðra á staðnum.

Að undanfögnu hafa nokkrar einstaklingsíbúðir staðið auðar á sama tíma og vantað hefur hjónaíbúðir. Hafa komið fram óskir um að tvær einstaklingsíbúðir verði sameinaðar í eina. Húsnæðisnefnd leggur til að sett verði hurð á milli tveggja einstaklingsíbúða en engar aðrar breytingar verði gerðar á íbúðunum.

## Bolungarvík

### Hefja undirbúning byggingar

Bæjarstjórn Bolungarvíkur samþykkti samhljóða í síðustu viku tillögu Einars Péturssonar, bæjarstjóra um fjárveitingu að upphæð 500 þúsund krónur í undirbúning og hönnun byggingar hjúkrunarheimilis í Bolungarvík.

Bolvíkingar hafa um nokkurt skeið undirbúið slíka byggingu. Í Ísafjarðarbæ er einnig verið að undirbúa byggingu hjúkrunarheimilis og hefur nefnd verið skipuð til undirbúnings að þeirri byggingu. Súðavíkurhreppur hefur einnig tilnefnt fulltrúa í þá nefnd.

## Mikill munur á vatnsgjaldi milli byggðarlaga í Ísafjarðarbæ

# Íbúi á Ísafirði greiðir 167% meira fyrir vatnið en íbúi á Suðureyri

Eigendur fasteigna á Ísafirði greiða mun meira vatnsgjald en íbúar í öðrum byggðarlögum Ísafjarðarbæjar. Það gerist vegna þess að vatnsgjald í sveitarfélaginu tekur mið af fasteignamati sem er mjög mismunandi á milli sveitarfélaga.

Algang húsaþæð í sveitarfélaginu er 150 fermetra einbýlishús sem byggt var í kringum 1980. Slíkt hús gæti verið metið á um 11,5 milljónir króna á Ísafirði.

Vatnsgjald sveitarfélagsins er 0,3% af fasteignamati. Því

þarf eigandi slíks húss að greiða 34.500 á Ísafirði. Í Hnífsdal er slíkt hús um 9,8 milljónir í mati og er því greitt um 29.400 krónur í vatnsgjald þar. Á Þingeyri er matið 5,3 milljónir króna og því er greitt 15.900 krónur í vatnsgjald. Á

Flateyri er mat slíks húss um 6 milljónir króna og því greiðir húseigandi þar um 18 þúsund krónur í vatnsgjald. Á Suðureyri er mat á slíku húsi aðeins 4,3 milljónir króna og því þarf húseigandi þar einungis að greiða 12.900 króna gjald.

Í sumum sveitarfélögum er vatnsgjaldið miðað við stærð húsa í fermetrum talið auk lágmarksgjalds. Væri slík viðmiðun í Ísafjarðarbæ greiddu eigendur fasteigna mjög álika vatnsgjald óháð búsetu.

– *hj@bb.is*



Höfuðstöðvar Ágúst og Flosa ehf., við Árnagötu á Ísafirði.

## Breyting á eignarhaldi byggingarfyrirtækisins Ágúst og Flosa ehf. á Ísafirði

# Björgmundur kaupir hlut Torfa

Björgmundur Örn Guðmundsson, framkvæmdastjóri byggingarfyrirtækisins Ágúst og Flosa ehf. hefur keypt hlut Torfa Jóhannssonar, fjármálastjóra í fyrirtækinu og verður eini eigandi þess. Þeir félagar keyptu fyrirtækið í september

2003 og hafa rekið það í sameiningu síðan. Torfi mun áfram gegna starfi fjármálastjóra. Björgmundur segir að þessa dagana sé unnið að endurskipulagningu á fjárhag fyrirtækisins og við þá vinnu hafi komið til álitna að hann keypti

hlut Torfa. Hann segir að formlega verði gengið frá kaupnum næstu daga.

Í dag vinna um 35 starfsmenn hjá fyrirtækinu á nokkrum stöðum. Undanfarið hafa sex starfsmenn unnið við innréttingu á fjölbýlishúsi á Egils-

stöðum og á næstu dögum fer starfsmaður frá fyrirtækinu til starfa við lokafrágang Fáskrúðsfjarðarganga. Þá er fyrirtækið að reisa íþróttahús á Suðureyri. Fyrir nokkru setti fyrirtækið á fót húseiningaverksmiðju á Ísafirði. Björg-

mundur segir að rekstur hennar hafi ekki gengið eins vel og vonir stóðu til í upphafi en nú sé unnið að endurskipulagningu þess rekstrar og verksmiðjan verði starfrækt áfram á vegum fyrirtækisins.

– *hj@bb.is*

Minnisvarði sjómanna væntanlegur heim

Sjómennastyttan var tekin af stalli sínum við Eyrartún og send til Þýskalands til viðgerðar í apríl í fyrra.

– *thelma@bb.is*



Sjómennastyttan var tekin af stalli sínum við Eyrartún og send til Þýskalands til viðgerðar í apríl í fyrra.